Minjastofnun Íslands

The Cultural Heritage Agency of Iceland

Yfirlit yfir fornleifarannsóknir 2013

Agnes Stefánsdóttir
Ásta Hermannsdóttir
2016

Ritstjórn
Agnes Stefánsdóttir
Ásta Hermannsdóttir

Ljósmyndir
Sjá myndaskrá aftast

Ljósmynd á forsíðu
Horft yfir uppgraftarsvæðið að Vogi í Höfnum. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson

© 2016
Minjastofnun Íslands
Agnes Stefánsdóttir
Ásta Hermannsdóttir

Öll réttindi áskilin
ISBN 978-9935-9090-6-0

Minjastofnun Ísland
Suðurgata 39
101 Reykjavík
Ísland
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Efnisyfirlit

1. Inngangur 4

2. Höfuðborgarsvæðið 5
2.1 Hvaleyri í Hafnarfirði 5
2.2 Fornleifarannsókn að Nesi á Seltjarnarnesi, uppgraftarskóli HÍ 6
2.3 Fegrun umhverfis Breiðholtsbæjarins, framkvæmdaeftirlit 8
2.4 Krikahverfi Archaeological Examination 9
2.5 Mosfell Archaeological Project 10

3. Vesturland 12
3.1 Kortlagning klausturlífs á Íslandi. Bær í Andakíl, Borgarbyggð 12
3.2 Surtshellir í Kalmanstungu 13
3.3 Kortlagning klausturlífs á Íslandi. Hítardalur í Borgarbyggð 16
3.4 Fornleifarannsókn á verstöð Gufuskála 17

4. Vestfirðir 19
4.1 Skarðsbúð í Bjarneyjum 19
4.2 Patreksfjörður. Könnunarskurður vegna framkvæmda við ofanflóðavarnir 21
4.3 Hrafnseyri og Auðkúla við Arnarfjörð 23
4.4 Ósvör. Björgunarrannsókn vegna framkvæmda á safnasvæði 26
4.5 Fornleifarannsókn í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp 28

5. Norðurland vestra 31
5.1 Forkönnun á Hamarsgerði – sannreyning á hlutverkum mannvirkja 31
5.2 Uppgröftur kirkjugarðs á Stóru-Seylu – Skagfirska kirkjurannsóknin 33
5.3 Fornleifarannsóknir í Hegranesi. Skagafjörður Church and Settlement Survey 35
5.4 Keflavík á Hegranesi 37
5.5 Eyðibyggð og afdalir Skagafjarðar VII áfangi 39

6. Norðurland eystra 41
6.1 Siglunes – eyfirsk verstöð á barmi eyðileggingar 41
6.2 Eyjafjörður Ecodynamics/Gásir Hinterland Project plus 43
6.3 Ingiríðarstaðir í Þegjandadal 45
6.4 Narfastaðir 47
6.5 Fornleifauppgröftur í kirkjugarðinum á Hofstöðum í Mývatnssveit 49

6.6 Skútustaðir í Mývatnssveit 52
6.7 Bakki á Tjörnesi 54
6.8 Svalbarð í Þistilfirði 56

7. Austurland 58
7.1 Skálanes í Seyðisfirði 58
7.2 Rannsókn á tveimur tóftum vegna gerðar Norðfjarðarganga 60
7.3 Tóft í Ódáðahrauni 62
7.4 Könnunarskurður í leitarmannatóft í Kringilsárrana 63

8. Suðurland 65
8.1 Heiðarbýlin. Fornar rústir á Síðuheiðum. 65
8.2 Fornleifarannsóknir í Skaftártungu 67
8.3 Papahellir á Seljalandi undir Eyjafjöllum 69
8.4 Rimakot í Austur-Landeyjum 70
8.5 Vettvangsskóli í Skálholti 72

9. Reykjanes 74
9.1 Grunnur Krýsuvíkurkirkju 74
9.2 Vogur. Landnámsbýli í Höfnum 76
9.3 Samspil manns og þorsks, Gufuskálar á Reykjanesi 77

10. Aðrar rannsóknir 79

Myndaskrá 80

1. Inngangur

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 veitir Minjastofnun Íslands leyfi til fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér, setur reglur um veitingu leyfa og hefur eftirlit með þeim.
Í 11. lið 4. gr. Reglna nr. 339/2013 um veitingu leyfa til fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér segir:

> *Að lokinni vettvangsrannsókn hvers árs skal skila inn til Minjastofnunar eyðublaði þar sem fram koma grunnupplýsingar um gang rannsóknarinnar það árið. Minjastofnun Íslands mun gefa út yfirlit yfir fornleifarannsóknir hvers árs sem byggir á þessum upplýsingum.*

Nú hefur verið unnið úr þeim eyðublöðum sem bárust fyrir árið 2013 og má sjá fyrstu niðurstöður þeirra rannsókna sem veitt var leyfi til það ár hér á eftir.
Eru upplýsingar eyðublaðanna byggðar á vettvangsskrám en sérfræðigreiningum og úrvinnslu var ekki lokið. Ætlunin er að samskonar skýrsla verði gefin út eftir hvert rannsóknarár svo til verði yfirlit yfir frumniðurstöður rannsókna sem fyrst. Þetta kemur að sjálfsögðu ekki í stað áfanga- eða lokaskýrslu hverrar rannsóknar fyrir sig.
Rannsóknirnar eru settar upp í kafla eftir minjasvæðum þannig að byrjað er á höfuðborgarsvæðinu og og farið réttsælis kringum landið og endað á Reykjanesi.



Mynd 1. Rannsóknir á Íslandi árið 2013. Númerin vísa til kafla í skýrslunni.

2. Höfuðborgarsvæðið

2.1 Hvaleyri í Hafnarfirði

Leyfishafi: Katrín Gunnarsdóttir	**Fyrirtæki/stofnun:** Byggðasafn Hafnarfjarðar
Rannsóknarnúmer: 2013070015	**Númer Þjóms:** 2013-64
Staðsetning: A 354212; N 398700	**Póstnúmer**: 220 Hafnarfjörður
Vettvangsrannsókn hófst: frestað	**Vettvangsrannsókn lauk**: frestað
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	**Aðferð**: könnunarskurður

Rannsóknin fór ekki fram á þessu ári. Frestaðist fram á næsta ár, sjá skýrslu fyrir árið 2014.

English Summary

The excavation did not take place. Postponed until 2014.

Mynd 2. Yfirlitsmynd yfir uppgraftarsvæðið að Móakoti. Ljósmynd: Angelos Parigoris.

2.2 Fornleifarannsókn að Nesi á Seltjarnarnesi, uppgraftarskóli HÍ

Leyfishafi: Angelos Parigoris	**Fyrirtæki/stofnun:** Háskóli Íslands
Rannsóknarnúmer: 2006050035	**Númer Þjóms:** 2013-49
Staðsetning: A 353755; N 409714	**Póstnúmer:** 170 Seltjarnarnes
Vettvangsrannsókn hófst: 13.05.2013	**Vettvangsrannsókn lauk:** 07.06.2013
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	**Aðferð:** uppgröftur

Háskóli Íslands hefur á síðustu árum verið með nemendauppgröft að Nesi á Seltjarnarnesi að vori. Árið 2013 var grafið á bæjarstæði Móakots og í hringlaga gerði.
Tilgangur rannsóknanna er að kanna fornleifafræði Ness með tvö markmið í huga: að kanna efnisleg lífsgæði (en. *material conditions of life*) á 17. og 20. öld í Nesi og að rannsaka eðli eins hringlaga gerðis, en prufuholurannsóknir á gerðunum hafa hingað til ekki skilað miklum niðurstöðum.
Við uppgröftinn á bæjarstæði Móakots kom í ljós ferhyrnd bygging kotsins sem hlaðin er úr torfi og grjóti. Í einum veggnum er að finna gjósku sem sennilega er Katla 1500. Í byggingunni eru a.m.k þrjú rými, ásamt hellulögðum gangi og stétt fyrir utan megininngang til suðvesturs. Erfitt var að greina gólflög í byggingunni en gólfið var hellulagt að hluta. Moldargólfið er illa ormétið nema í austurhorni. Alls voru fjögur sýni tekin úr gólflögum. Austanmegin við bygginguna er að finna móösku sem er eldri og gengur undir austurvegg kotsins. Ekki var allt bæjarstæðið opnað þetta árið og sést greinilega að byggingin heldur áfram til vesturs. Einnig kom í ljós bogadreginn veggur sem virðist vera síðari tíma viðbót og er e.t.v. ekki frá þeim tíma sem búið var í kotinu. Auk þessa fundust leifar af stoðarholum sem eru með yngstu jarðlögum á svæðinu. Töluvert af 19. og 20.

aldar gripum fundust í yfirborðslögum og gólflögum sem samanstanda af gler - og leirkersbrotum, járnnöglum, málmbrotum ýmiskonar ásamt viðarleifum og dýrabeinum. Einnig var töluvert af skeljum og skeljahismi. Gripirnir endurspegla að mestu tímann eftir að bærinn fór í eyði og er greinilegt að töluverð umferð manna og dýra hefur haldist á bæjastæðinu eftir að íbúar yfirgáfu staðinn.
Við uppgröft í hringlaga gerðið og komu í ljós tveir torfveggir með landnámsgjósku, stærri veggurinn liggur NA-SV og út frá honum liggur annar minni til austurs. Gerðið er því ekki skeifulaga líkt og talið var í upphafi heldur virðist það hafa fleiri en eitt rými. Inni í því fundust engin gólflög, hvorki af völdum manna né dýra. Alls voru 38 örsýni tekin á svæðinu með eins metra millibili sem vonandi geta sagt meira um tilgang mannvirkisins. Í rannsókninni allri voru skráðir 482 stakir gripafundir.

English Summary

The University of Iceland has for the past years conducted a student excavation at Nes, Seltjarnarnes. In 2013 Móakot and a circular enclosure (no. 19) were excavated as a part of this yearly field course. The aim of the research is to look at the archaeology of Nes to gain information about the material conditions of life in Nes in the 17th and 20th centuries at Nes on one hand and to look at the nature of the circular enclosure on the other. A few enclosures of this kind are in the area but research has hitherto not yielded much information about their nature.
The excavation at the farmstead of Móakot revealed a rectangular building, made of turf and stones. Tephra was found in one of the turf walls, probably Katla 1500. The building has at least three rooms, a paved hallway and a paving outside the main entrance on the SW side. Floor layers are badly bioturbated, except in the east corner. A large peat ash layer was discovered on the east side of the building, which continues under the east wall of the cottage and was left unexcavated. The building is continuing to the west outside of the excavation area. Later features, such as fence postholes and a semi-circular stone structure indicate human and animal activity after the inhabitants of Móakot abandoned the site. Artefacts unearthed are mostly from the 19th and 20th century.
The excavation at the circular enclosure (no. 19) revealed two turf walls with the Settlement tephra from 871, one bigger facing NE-SW with the smaller one linked towards east. There were no floor layers found inside of the enclosure but 38 soil samples were taken which hopefully can give a better understanding of the nature of these circular enclosures.

Mynd 3. Grafið fyrir hringlaga svæði fyrir nestisborð. Ljósmynd Margrét Björk Magnúsdóttir.

2.3 Fegrun umhverfis Breiðholtsbæjarins, framkvæmdaeftirlit



Leyfishafi: Margrét Björk Magnúsdóttir	**Fyrirtæki/stofnun:** Borgarsögusafn
Rannsóknarnúmer: 2013070001	**Númer Þjóms:** 2013-104
Staðsetning: A 361342; N 403057	**Póstnúmer**: 109 Reykjavík
Vettvangsrannsókn hófst: 02.12.2013	**Vettvangsrannsókn lauk**: 09.12.2013
Tegund rannsóknar: framkvæmdaeftirlit	**Aðferð**: blönduð tækni

Dagana 2.-9. desember hafði Minjasafn Reykjavíkur [nú Borgarsögusafn] eftirlit með framkvæmdum á bæjarstæði Breiðholts í Reykjavík. Bæjarstæðið er friðlýst en mikið rask hefur verið þar í gegnum tíðina og voru framkvæmdirnar liður í umhverfisbótum við gamla Breiðholtsbæinn á vegum Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar. Tekin var upp grasrót á nokkrum stöðum til að lagfæra göngustíga og búa til svæði fyrir upplýsingaskilti og nestisborð. Skyldu framkvæmdir stöðvaðar ef komið væri niður á mannvistarleifar. Á sex stöðum var komið niður á slíkar leifar og staðirnir skráðir sem minjastaðir t.a.m. vegna móósku, hleðslu eða koladreifar. Fimm gripanúmer voru skráð, samtals 16 gripir (leirker, gler, naglar og járnstykki).

English Summary

In December Reykjavík City Museum held a watching brief where new footpaths were being laid and areas for rest stops, with information signs, benches and tables, were made in the vicinity of listed archaeology in Reykjavík. Cultural layers or archaeological features were found in six places during the watching brief. They were recorded and all artefacts were collected, sixteen in total.

Mynd 4. Liam og Rúna teikna meint beitarhús, skurðurinn í mögulegt kuml sést í baksýn. Ljósmynd: Sigrid Juel Hansen.

2.4 Krikahverfi Archaeological Examination



Leyfishafi: Davide Marco Zori	**Fyrirtæki/stofnun:** Víkingaminjar ehf.
Rannsóknarnúmer: 2013070018	**Númer Þjóms:** 2013-66
Staðsetning: A 368970; N 409596	**Póstnúmer**: 270 Mosfellsbær
Vettvangsrannsókn hófst: 12.07.2013	**Vettvangsrannsókn lauk**: 01.08.2013
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	**Aðferð**: blönduð tækni

Vegna byggingaráætlana í Krikahverfi voru tvennar meintar fornleifar þar kannaðar árið 2013. Á öðrum staðnum eru steinhlaðin en hrunin beitarhús greinilega sýnileg á yfirborði jarðar. Hinn staðurinn var upprunalega skráður sem hugsanlegt kuml en rannsóknin sýndi fram á að hann er aðeins náttúrulegur klettur. Engir gripir fundust við rannsóknina.

English Summary

Examination of two features was carried out at Krikahverfi in 2013 ahead of development plans. One feature consisted of a stone-built and collapsed sheep shelter that was clearly visible on the surface. The second feature was registered as a possible pagan burial, but our investigations showed it to be a natural bedrock outcrop.

Mynd 5. Fjarkönnun í Leirvogi. Ljósmynd: Sigrid Juel Hansen.

2.5 Mosfell Archaeological Project

Leyfishafi: Jesse Byock	Fyrirtæki/stofnun:
Rannsóknarnúmer: 2002060021	**Númer Þjóms:** 2013-54
Staðsetning: A 368677; N 410851	**Póstnúmer:** 271 Mosfellsbær
Vettvangsrannsókn hófst: 06.07.2013	**Vettvangsrannsókn lauk:** 10.08.2013
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	**Aðferð:** blönduð tækni

Rannsóknir sumarsins 2013 innan verkefnisins Mosfell Archaeological Project fóru fram á þremur stöðum: í Leirvogi, á Borgarmel og á Skeggjastöðum. Markmið sumarsins var að halda áfram með rannsóknina sem staðið hefur yfir, með hléum, síðan 1995 þar sem leitast er við að varpa ljósi á upphaf byggðar á svæðinu. Í Leirvogi voru gerðar sónarmælingar og felast helstu niðurstöður rannsóknarinnar í skilgreiningu á landslagi og sjávarmáli í Leirvogi á landnámstíma og á miðöldum. Endanleg greining hefur ekki enn farið fram en það eru sterkar vísbendingar um að Leirvogur hafi verið raunverulegur vogur með um það bil 3 metra dýpi og ágætlega til hafnar fallinn. Það kom einnig í ljós að Innri Skiphóll mun vera eldri en gjóskulagið frá Kötlugosinu árið 1500. Enn er óljóst hvort þessi hóll er náttúrulegur eða manngerður. Ekki fundust neinar beinar fornleifar á borð við búðir eða hafnarmannvirki meðfram gamla sjávarmálinu sem nú er undir nokkurra metra landfyllingu og rusli frá síðari helmingi 20. aldar.
Á Borgarmel var grafinn könnunarskurður inn í einn hólinn á uppblásnum melnum og fannst þar umtalsverður veggur frá landnámstíma. Torfveggurinn inniheldur mikið magn af landnámsgjósku sem einnig finnst óröskuð á svæðinu. Líklegast er að þarna hafi verið um sel að ræða. Frekari greiningar þurfa að fara fram til að prófa þessa kenningu. Við rannsóknina á Skeggjastöðum voru gerðar jarðsjárkannanir með eftirfarandi aðferðum: GPR-tæki, electrical conductivity,

magneometry og sónar. Þessar jarðsjárkannanir sýndu form sem gætu bent til mannvistarleifa á þeim svæðum þar sem fyrri borkjarnasýni höfðu staðfest leifar frá miðöldum. Engir gripir fundust við rannsóknirnar en nokkuð var tekið af sýnum í Leirvogi og á Borgarmel.

Mynd 6. Veggurinn á síðasta degi uppgraftar að Borg. Ljósmynd: Davide Zori.

English Summary

The research took place at three locations in the summer of 2013: Leirvogur, Borgarmelur and Skeggjastaðir. The goal was to continue with research that has been conducted on and off since 1995 trying to shed some light on the first settlement in the area.
Leirvogur: The main result understanding the landscape and sea level in the Leirvogur bay around the settlement period and during the medieval period. The full analysis is not yet done, but there is strong evidence that Leirvogur was a real bay with about 3 meter deep water and well-suited as a harbour. We also identified that the Inner Skiphóll mound pre-dates the K-1500 tephra. It is still unclear whether this mound is natural or partially culturally constructed. We identified no direct archaeological evidence of booths or any harbour structures along the old shore line, which is today covered by several meters of landfill and trash from the second half of the 20th century.
Borgarmelur: We made a test trench into one of the mounds in the eroded landscape of Borgarmelur and found a substantial wall from the landnám period. The turf wall contains landnám tephra, which can also be found in situ outside the structure. Our best guess is that it is a shielding place. More analysis has to be carried out to test this hypothesis.
Skeggjastaðir: Research at Skeggjastaðir in 2013 consisted of geophysics survey with GPR, electrical conductivity, magnetometry, and sonar. Several anomalies that appear to be structures were identified in the areas where our previous coring had identified medieval deposits.

3. Vesturland

Bær í Bæjarsveit
- Mæliferlar -

Mynd 7. Loftmynd sem sýnir mæliferla og rannsóknarsvæði á Bæ í Borgarfirði. Mynd: Landmælingar Íslands/Margrét Valmundsdóttir.

3.1 Kortlagning klausturlífs á Íslandi. Bær í Andakíl, Borgarbyggð



Leyfishafi: Steinunn Kristjánsdóttir	**Fyrirtæki/stofnun:** Háskóli Íslands
Rannsóknarnúmer: 2013060043	**Númer Þjóms:** 2013-51
Staðsetning: A 378011; N 460322	**Póstnúmer**: 311 Borgarnes
Vettvangsrannsókn hófst: 14.07.2013	**Vettvangsrannsókn lauk**: 18.07.2013
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	**Aðferð**: fjarkönnun

Markmið rannsóknarinnar var að leita að rústum klaustursins sem rekið var í Bæ frá 1030 til 1049. Aðeins var um fjarkönnun að ræða. Enginn uppgröftur fór fram. 30 gripum var þó safnað úr jarðvegi sem tekinn var framan við kirkjuna við breytingar á sáluhliði og inngangi í hana. Búið var að ganga frá hliðinu þegar vettvangsvinna fór fram. Fjarkönnunin og rannsóknin öll benti til að Bæjarklaustur hafi staðið á sama stað og núverandi kirkja.

English Summary

The aim of the research was to locate the ruins of the monastery that was run in Bær from 1030-1049. No excavation was made, only surveying with radar (GPR). Artefacts were collected from a soil heap that came from a construction work outside the church´s entrance a few years ago. Results from the surveying and the research in general indicated that the monastery at Bær stood where the church stands today.

Mynd 8. Kevin Martin, einn meðlima rannsóknarhópsins, inni í víkingaaldarmannvirkinu í Surtshelli eftir að síðasta gólflagið hafði verið fjarlægt, 22. ágúst 2013. Ljósmynd: Kevin Smith.

3.2 Surtshellir í Kalmanstungu



Leyfishafi: Kevin Smith	**Fyrirtæki/stofnun:** Brown University
Rannsóknarnúmer: 2013080010	**Númer Þjóms:** 2013-77
Staðsetning: A 418155; N 476086	**Póstnúmer**: 320 Reykholti Borgarfirði
Vettvangsrannsókn hófst: 19.8.2013	**Vettvangsrannsókn lauk**: 23.8.2013
Tegund rannsóknar: björgunarrannsókn	**Aðferð**: uppgröftur

Rannsókn var gerð á Surtshelli í ágúst 2013 í samstarfi við minjavörð Vesturlands. Ástæða rannsóknanna er mikill ágangur ferðamanna á staðnum og áhyggjur af því að minjar séu að eyðileggjast. Áður höfðu farið fram rannsóknir innan sama verkefnis árin 2001 og 2012. Rannsóknirnar gefa til kynna að þakhrun í aðalrými hellisins sé mun yngra en þær minjar sem er að finna í hellinum. Uppgröftur á mjög þunnum gólflögum innan í mannvirkinu í Vígishelli gaf óvænt af sér nokkuð fundasafn sem m.a. samanstendur af 40 glerperlum, heilu setti af blýlóðum og stóru safni af jaspis og öðrum eldsláttusteinum. Dreifing gripanna, sérstaklega eldsláttusteinanna sem margir höfðu orðið fyrir skemmdum vegna hás hitastigs, virðist benda til að það sem áður var talið eldstæði mannvirkisins er ekki upphaflega eldstæðið heldur hefur eldur verið kveiktur í mannvirkinu miðju á víkingaöld. Sót og kol í „eldstæðinu“ í austurenda mannvirkisins eru líklega vegna heimsókna í hellinn á 20. og 21. öld.

Á nokkrum stöðum í hellinum hafa fundist hrúgur af óbrenndum, brotnum dýrabeinum og bættust tveir slíkir fundarstaðir við árið 2013. Engin önnur ný svæði með víkingaaldarminjum fundust í hellinum við rannsóknina. Beinahrúgur hafa nú fundist á sjö stöðum í hellinum (að afhellunum Vígishelli

og Beinahelli meðtöldum) og hafa þær að því er virðist verið vísvitandi settar á staði innan hellisins sem lítið fer fyrir. Aldursgreiningar sýna að hrúgurnar eru allar frá víkingaöld.
Nýjar aldursgreiningar gefa til kynna, líkt og þær fyrri frá 2001 og 2012, að Surtshellir hafi verið í notkun í a.m.k. 80 ár á 10. öld og fram á þá 11, en hafi þá verið yfirgefinn. Niðurstöðurnar gefa til kynna að taka þurfi upp og endurmeta fyrri hugmyndir um hlutverk hellisins í menningarlandslagi víkingaaldar.

English Summary

Investigations inside Surtshellir were undertaken in August 2013. The team consisted of Kevin Smith (Brown University), Magnús A. Sigurðsson (Minjastofnun Íslands), Guðmundur Ólafsson (Þjóðminjasafn Íslands), Professor Christopher Wolff (State University of New York at Plattsburgh) and Kevin Martin (Háskóli Íslands). The main purpose of the investigation was to document and salvage cultural deposits before they are destroyed because of unrestricted access of tourists to the site.
These investigations were focused on the excavation of very thin (1,0-1,5 cm) floor deposits within and immediately adjacent to the boat-shaped structure located nearly 250 meters inside Surtshellir, within the side gallery known as Vígishellir. In addition to this excavation, the rest of Surtshellir from its entrance to the second major area of roof collapse was surveyed for cultural remains. Finally, an area of moss growing on the floor of the cave between the first area of roof collapse and the entrance was sampled for dating to gain information on when the cave's roof began to collapse.
AMS dates from the moss deposit suggest that the major area of roof collapse between the cave's main entrance and Vígishellir is relatively recent, most likely post-medieval in date and expanding.
The survey of the cave's main tunnel, both of its major side passages (Vígishellir and Beinahellir), and the adjacent high openings near Beinahellir revealed no new areas of Viking Age activity and no deposits or features supporting the idea that the cave was occupied as a place of residence. On the other hand, areas where unburned, fragmented animal bones had been piled were identified in the main tunnel between Vígishellir and Beinahellir (two newly identified locations) and in Beinahellir itself. Together with the main bone pile located adjacent to the structure in Vígishellir, we now know that bones were intentionally deposited in seven discrete locations within a very limited part of the cave. AMS dates from these new locations demonstrate that all date to the Viking Age. All have been extensively damaged by visitors; in most cases only thin scatters of bone fragments remain at each of the six newly documented locations.
Excavation of the thin floor deposits within the structure inside Vígishellir produced an unexpectedly rich and diverse assemblage including nearly 40 glass beads, a complete set of lead weights – one in the form of a cross, fragments of orpiment (arsenic sulfide), and a large and exceptionally diverse suite of jasper and chalcedony fire-starter fragments. The distribution of the latter, especially jasper fragments damaged by exposure to extreme heat, demonstrated that the niche at the eastern gable end of the structure was not its original hearth as previously believed due to accumulations of charcoal and soot within and around it. Instead, it is clear from both the distribution of fire-starter fragments and fully calcined (burned to white) bone fragments that fires were raised in the center of the structure during the Viking Age and that the accumulations of charcoal in the eastern gable niche represents a repurposing of that niche and damage done to it by 20th and 21st century visitors. New AMS dates on bone fragments from these thin floor

deposits complement those from the 2001 and 2012 investigations, as well as from the bone piles in Beinahellir and the main tunnel of Surtshellir, all of which indicate that Surtshellir was a place of repeated activity for at least 80 years during the 10th century and the first decades of the 11th century, after which it was abandoned and avoided. Together, the results from the 2013 field season in Surtshellir are forcing a complete re-assessment of this site and its role in Iceland's Viking Age cultural landscape.



Mynd 9. Loftmynd sem sýnir mæliferla og rannsóknarsvæði í Hítardal. Mynd: Landmælingar Íslands/Margrét Valmundsdóttir.

3.3 Kortlagning klausturlífs á Íslandi. Hítardalur í Borgarbyggð

Leyfishafi: Steinunn Kristjánsdóttir	**Fyrirtæki/stofnun:** Háskóli Íslands
Rannsóknarnúmer: 2013060027	**Númer Þjóms:** 2013-52
Staðsetning: A 355146; N 481366	**Póstnúmer**: 311 Borgarnes
Vettvangsrannsókn hófst: 11.07.2013	**Vettvangsrannsókn lauk**: 14.07.2013
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	**Aðferð**: könnunarskurður

Markmiðið með rannsókninni var að staðsetja rústir klaustursins sem rekið var í Hítardal frá 1166 til 1207. Möguleg klausturstæði voru mæld með jarðsjá (radar) og einn könnunarskurður (2x1m) grafinn í gamla kirkjustæðið. Ekki tókst að staðsetja rústir klaustursins að þessu sinni. Níu gripir fundust við rannsóknina.

English Summary

The aim of the research was to locate the ruins of the monastery that was run in Hítardalur from 1166-1207. Possible areas were measured with a radar (GPR) and one test pit (2x1m) dug in the area where the church stood. No traces of the monastery were found this time.

Mynd 10. Flugdrekamynd af uppgraftarsvæði á Gufuskálum. Ljósmynd: Sigurður Unnar Einvarðsson.

3.4 Fornleifarannsókn á verstöð Gufuskála

Leyfishafi: Lilja Björk Pálsdóttir	**Fyrirtæki/stofnun:** Fornleifastofnun Íslands
Rannsóknarnúmer: 2008060021	**Númer Þjóms:** 2013-36
Staðsetning: A 266189; N 498166	**Póstnúmer:** 360 Hellissandur
Vettvangsrannsókn hófst: 10.06.2013	**Vettvangsrannsókn lauk:** 06.07.2013
Tegund rannsóknar: björgunarrannsókn	**Aðferð:** uppgröftur

Tilgangur rannsóknarinnar, sem staðið hefur með hléum síðan 2008, er að bjarga upplýsingum sem felast í mannvistarlögum verstöðvarinnar áður en þær hverfa, en sjávarrof er mikið á svæðinu. Árið 2013 var uppgrefti haldið áfram á þremur svæðum. Við verbúðarhólana voru tvö uppgraftarsvæði; við Drottningarhól (skurður 5), svokallaða verbúðarhóla (skurður 9) og einn í útvegsbæinn (skurður 11). Auk þess fór fram aðalskráning á fornleifum á Gufuskálajörðinni. Við uppgröftinn voru skráð 194 fundanúmer og 52 sýni tekin.

Í skurði 5 komu ekki í ljós frekari mannvirki en þau sem grafin voru upp 2012. Þó mátti sjá grjóthrun sem greinilega var úr nálægum vegg. Ruslalög með miklu magni af dýrabeinum voru grafin fram. Auk dýrabeina komu í ljós ýmsir gripir og þó nokkrir verða að teljast allmerkilegir. Uppgrefti í skurði 5 lauk þetta sumar og var honum lokað með sandpokum og grjóti til að verja sniðin sem hafa

myndast við uppgröftinn. Það er augljóst að þessi aðgerð stöðvar ekki ágang sjávar en mögulega tefur hún fyrir landbroti á meðan ákveðið er hvað gera skal við minjarnar.
Í skurði 9 var áfram grafin upp verbúð sem samanstóð af þremur herbergjum og göngum sem hafa tengt þau. Flest hafa herbergin gengið í gegnum einhverjar breytingar, mismiklar þó. Inngangar hafa verið færðir til, hlaðið upp í aðra, heilu herbergin lokuð af og fyllt upp með sandi og grjóti. Ekki náðist að ljúka uppgreftri í skurði 9 eins og lagt var upp með.
Í útvegsbænum (skurður 11) var skurðurinn stækkaður svo hægt yrði að dýpka hann og þannig komast að elstu mannvistarlögum bæjarhólsins. Niðurstöður sumarsins virðast benda eindregið til þess að frá upphafi hafi byggðin á Gufuskálum þrifist á sjósókn og að það hafi ekki verið fyrr en um eða eftir síðmiðaldir sem landbúnaðurinn náði yfirhöndinni. Greinileg aukning er í landbúnaði á 14.-15. öld og má gera því skóna að það sé vegna aukinnar þarfar og eftirspurnar vegna verstöðvarinnar á landbúnaðarafurðum.

Mynd 11. Skurður 5. Ljósmynd: Sigurður Unnar Einvarðsson.

English Summary

The aim of the research, which has been ongoing since 2008, is to save information that lies in cultural layers belonging to archaeological features of the fishing station at Gufuskálar. The area is being damaged by coastal erosion and the archaeology is being hit hard by the sea. Excavations continued in 2013 in three areas. Two are placed within the fishing booths area (Tr. 5 and 9) and one in a farm mound (Tr. 11).
No new structures were uncovered in trench 5 although wall collapse was visible. Thick, animal bone rich midden deposits were excavated. Work ended in trench 5 this season.
A structure in trench 9 had three rooms which were connected by a corridor leading to the doorway. Most of these have gone through changes and repairs through time as new entrances have been made and others blocked along with entire rooms that were filled with stone rubble and sand after blocking. Excavations did not finish in trench 9 as expected.
Trench 11 on the farm mound was extend in order to get to the earliest cultural deposits. This summer's results seem to strongly indicate that the main subsistence of Gufuskálar from the very beginning was fishing and that only in the post medieval time did farming become a major factor, possibly due to increasing need of the fishing station for supplies.

4. Vestfirðir

Mynd 12. Skarðsbúð í Bjarneyjum. Ljósmynd: Sindri Ellertsson Csillag.

4.1 Skarðsbúð í Bjarneyjum



Leyfishafi: Sindri Ellertsson Csillag	**Fyrirtæki/stofnun:** Fornleifafræðistofan ehf.
Rannsóknarnúmer: 2013060009	**Númer Þjóms:** 2013-39
Staðsetning: A 320589; N 535706	**Póstnúmer:** 380 Reykhólahreppur
Vettvangsrannsókn hófst: 29.06.2013	**Vettvangsrannsókn lauk:** 29.06.2013
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	**Aðferð:** könnunarskurðir

Markmið fornleifarannsóknarinnar á Skarðsbúð í Bjarneyjum var að athuga hvort eldri minjar leyndust undir þeim sem uppi standa. Í ljós kom hellulagt gólf sem tilheyrt hefur seinustu kynslóð Skarðsbúðar sem líklega er reist undir lok 19. aldar. Undir hellugólfinu fundust þó slitrur af mannvistarlagi sem gætu verið leifar af eldri kynslóð hússins frá u.þ.b. miðri 19. öld af leirkersbroti að dæma sem þar fannst. Engar minjar um eldri kynslóðir Skarðsbúðar en þessar tvær fundust.

Til stendur að endurbyggja síðustu kynslóð Skarðsbúðar og mun endurgerðin notast við þá veggi sem eru uppistandandi, lagfæra þá sem þarfnast lagfæringar og endurgera timburþilin á vestur- og austurgafli. Hönnun endurgerðarinnar byggir á gömlum ljósmyndum, uppistandandi minjum og mun taka mið af niðurstöðum þessarar fornleifarannsóknar. Því stendur til að grafa niður á hellugólfið alls staðar inni í rústinni eða, þar sem hellugólfið nær aðeins yfir

hluta gólfsins eins og upp við veggina, niður á þá dýpt sem hellugólfið nær, eða á um 15 cm dýpi víðast hvar. Miðað við þessa fyrirætlan og niðurstöður fornleifarannsóknarinnar á Skarðsbúð ættu engar eldri minjar að vera í hættu vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda. Þrír gripir fundust við rannsóknina.

English Summary

The primary aim of the archaeological excavation of Skarðsbúð in Bjarneyjar was to establish whether remnants of any older buildings could be found under the ruins visible on site. The excavation revealed a paved stone floor which belonged to the latest phase of Skarðsbúð, dating back to the latest part of the 19. Century. Under the paved floor, some remnants of an older occupation layer were found which, based on a fracture from a ceramic vessel, probably date back to the mid-19. Century. No remnants of older occupation were found.

Plans are in place to reconstruct Skarðsbúð as it was during its latest phase. The reconstruction will be based on the ruins visible, on the archaeological excavation, photographs and on written sources and will utilise and mend the walls that are still standing and recreate the wooden gables at each end. The floor in the reconstructed house will be the same one as was revealed by the excavation which is roughly 15 cm below the topsoil. Based on the results of the excavation there should be no danger to any remnants of older occupation because of the reconstruction.

Mynd 13. Skurður við rafstöðvargrunn. Ljósmynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.

4.2 Patreksfjörður. Könnunarskurður vegna framkvæmda við ofanflóðavarnir

Leyfishafi: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir	**Fyrirtæki/stofnun:** Náttúrustofa Vestfjarða
Rannsóknarnúmer: 2013080018	**Númer Þjóms:** 2013-81
Staðsetning: A 270700; N 574982	**Póstnúmer**: 450 Patreksfjörður
Vettvangsrannsókn hófst: 15.08.2013	**Vettvangsrannsókn lauk**: 15.08.2013
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	**Aðferð**: könnunarskurður

Tilgangur rannsókna er að kanna umfang og eðli minja á svæðinu samkvæmt fyrirmælum Minjavarðar Vesturlands.
Inni á svæðinu er grunnur rafstöðvar sem byggð var árið 1918 og leifar af mannvirki sem tengist þeirri stöð. Einnig er þar upphlaðin vegur að húsi inni á svæðinu, tvö fjárhús og garðlag.
Grunnur rafstöðvarinnar er enn sýnilegur á yfirborði. Steyptur gafl næst Litludalsá er 1,5 metri á hæð. Grjót úr undirstöðum hússins er líka á yfirborði. Húsið hefur verið ílangt og er grunnurinn 16 metrar á lengd og 5 metrar á breidd. Grafinn var skurður út frá grunni rafstöðvarinnar til að kanna hvort eldri minjar væru undir sverði. Skurðurinn var 1x3 metrar að stærð og um 1 metri á dýpt. Engin mannvistarlög komu í ljós í skurðinum, aðeins óhreyft gróft grjótlag sem er undirstaða alls jarðvegs á svæðinu. Engar eldri minjar eru undir grunni rafstöðvarinnar.
Fjárhúsið er grafið inn í brekku og er steypt inn í hleðslur líklega af eldra fjárhúsi. Steypan ber þess merki að þetta hús sé nokkuð gamalt enda mikið blönduð grjóti. Við hlið hússins er grjóthlaðið hólf sem gæti verið leifar af húsinu sem stóð þarna áður, eða hlaðið hólf fyrir dýr eða hey. Op er úr steypta

húsinu í hólfið. Hurð og gluggi eru á framhlið hússins. Stærð hlaðna hólfsins er 9x6 metrar og steypt hús innan veggjanna er 2x3 metrar. Tveir skurðir voru grafnir við húsið. Annar við suðurhlið þess og hinn við austurhliðina. Suðurskurðurinn var 1x3 metrar á lengd út frá suðurlanghlið hússins þar sem húsið er niðurgrafið í hól. Engin merki um aðrar eða eldri byggingar fundust. Austurskurðurinn var grafinn út frá hólfi við hlið steypta hússins þar sem hleðslur voru. Grafinn var skurður frá miðju gólfi og út fyrir vegg. Skurðurinn var 1x5 metrar að stærð og 1 m á dýpt. Í ljós kom dökkt lag fullt af nútíma rusli og undir því leifar af trégólfi sem hefur verið í húsinu á einhverjum tímapunkti. Viðurinn virtist ekki vera mjög gamall. Undir trégólfinu var óhreyfður gjótruðningur sem er náttúrulegur á svæðinu. Ljóst er að engar eldri byggingar eru undir þessu fjárhúsi sem gæti verið frá 20. öld eða hugsanlega síðari hluta 19. aldar. Engir gripir voru hirtir við rannsóknina enda allt yngra en 100 ára.

English Summary

At the request of the Cultural Heritage Agency of Iceland five test trenches were dug to see if older remains were to be found underneath the remains that had been previously surveyed. The remains were a foundation of an old power plant that was one of the first to be built in Iceland and was built in Patreksfjörður in 1911. No older remains were to be found under the existing foundation of the old power plant. Test trenches were also dug in and around old sheep houses that were made partly of concrete. No evidence was found that the houses had been built on top of older remains.

Mynd 14. Horft yfir rannsóknarsvæðið á Hrafnseyri. Ljósmynd: Birgir Smárason.

4.3 Hrafnseyri og Auðkúla við Arnarfjörð

Leyfishafi: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir	**Fyrirtæki/stofnun:** Náttúrustofa Vestfjarða
Rannsóknarnúmer: 2011080004	**Númer Þjóms:** 2013-73
Staðsetning: A 296241; N 591852	**Póstnúmer**: 471 Þingeyri
Vettvangsrannsókn hófst: 07.08.2013	**Vettvangsrannsókn lauk**: 13.09.2013
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	**Aðferð**: blönduð tækni

Rannsóknin er hluti af verkefninu „Miðaldir í Arnarfirði“, en tilgangurinn með því er að skrá fornleifar og rannsaka frekar valdar minjar um elstu byggð í firðinum.
Við rannsóknina árið 2013 var lokið við að grafa upp jarðhýsi sem fannst árið 2012. Jarðhýsið reyndist vera töluvert niðurgrafið og hafa veggir þess verið úr torfi án grjótundirstöðu. Það er 6 metrar á lengd sem telst til stærri gerða af jarðhýsum. Svart lífrænt gólflag með beinaleifum var í jarðhýsinu og fundust illa farnar leifar ofns í vesturenda þess. Í gólfi fannst járnhlutur sem líkist litlum spjótsoddi auk kljásteina og skafts af klébergsgrýtu en þær voru algengar á 10. öld. Jarðhýsið er mjög sérstakt fyrir það að því hefur verið lokað með mjög róttækri aðgerð fljótlega eftir að það fór úr notkun, en það var fyllt af mjög grófu grjóti sem lá beint ofan á gólfinu án þess að nein lög fyndust þar á milli.
Svæðið í kringum jarðhýsið var nokkuð sérstakt. Það var mjög svart af kolum og kolasalla og höfðu þar komið í ljós árið 2012 tvær holur sem voru að öllum líkindum soðholur. Mikið var af beinaleifum í holunum sem benda til að þær hafi verið notaðar til eldunar. Skjólveggur virðist líka hafa verið hlaðinn þar nærri. Sumarið 2013 var rannsóknarsvæðið stækkað til suðurs og enn hélt svarta

lagið áfram og þykknaði. Fljótlega kom í ljós hola sem var mun stærri en þær sem fundist höfðu árið áður og var í henni mikið magn af eldsprungnum steinum og beinaleifum. Þegar lengra var komið ofan í holuna fóru að birtast gripir, brýni, brot út snældusnúðum og glerperlur, sýndi það að holan hafði á einhverjum tímapunkti verið fyllt af rusli sem gæti skýrt beinaleifarnar. Eftir meiri gröft kom í ljós mikið magn af koluðum greinum, nokkuð sverum, og margar þeirra báru enn axarför. Ljóst var að þarna var um að ræða kolagröf . Holan reyndist vera meira en einn metri á dýpt.
Árið 2012 fannst mjög sérstakt garðlag, um 2 m á breidd, fyrir neðan Bælisbrekku. Svæðið var stækkað árið 2013 og gengið úr skugga um að um garðlag væri að ræða og útilokað að veggurinn væri af húsi. Þetta reyndist vera garðlag og verður kannað frekar með fjarkönnun hvort hugsanlega geti verið um að ræða virkisvegg sem getið er um í Sturlungu. Líklegra er þó að um sé að ræða túngarðsvegg.
Gerðir voru tveir könnunarskurðir á bænum Auðkúlu árið 2013. Bóndinn þar hafði veitt athygli rústum nærri skógrækt á bænum. Rústirnar eru ekki mjög greinilegar á yfirborði en nokkuð skýrar á loftmyndum en þar sjást tveir skálar og fleiri minni hús í kring. Á svæðinu fannst gjall á yfirborði á nokkuð stórum hól. Tveir skurðir voru teknir á svæðinu: annar í rúst sem reyndist vera 14 m langur skáli og hinn í hólinn með gjallinu. Í ljós kom að allur hóllinn er stór gjallhrúga og fannst gjall með miklu járninnihaldi auk bræðslugalls sem eingöngu myndast þegar tappað er af ofnum við járnframleiðslu. Ljóst er að járn hefur verið unnið þarna í umtalsverðu magni miðað við stærð gjallhaugsins. Alls fundust 34 gripir og tekin 4 sýni.

English Summary

The study is part of the project "Medieval Arnarfjörður", the purpose of which is to register archaeological sites and excavate selected relics of the oldest settlements in the fjord. The research of the summer of 2013 we finished digging up the pit house that was found in 2012. The pit house turned out to be considerably dug down and its walls were made from turf (strengur) without a stone foundation. The pit house is 6 meters long which is one of the bigger pit houses that have been research .Black organic floor layer with bone residues was in the pit house and very badly preserved furnace was found in the house. The pit house is very special because it looks like it had been filled up with very direct action soon after it was taken out of use. The house that was dug down 120 cm was filled up with fist size stones that were directly on the floor and after the hole had been filled up by stones a thick layer of turf was placed on top making the hole from the house to the same level as the ground around.
Beside the pit house a circular pit was found that turned out to be charcoal pit that had been filled up be domestic rubbish like bones, ash, charcoal and all kinds of artifacts that had been broken. This suggests that the charcoal pit was used before the house. At the bottom of the pit a large quaintly of charcoal were found in good condition with bark and even axe marks. Sample have been sent for C14 analyses
In 2012 big turf wall, about 2 m in width, was found. This is unusually wide turf and stone wall. In the summer of 2013 we expanded the test trance to be sure that it was a boundary wall and not a wall from house structure. This turned out to be a boundary wall of some sort the question is if it is a normal unusually massive boundary wall or perhaps

part of the fortress that is described in the saga of Hrafn Sveinbjarnarson. That wall was high and made out of stones.

In the next farm of Auðkúla the farmer had noticed the ruins near the forest on his farm. The ruins are not very visible on the surface but quite clear on aerial photographs which shows possibly two longhouses and smaller houses around. Slag and tap slag was found on the surface close to the longhouse Two test trenches were made in Auðkúla in 2013: one in was made in what looked like a longhouse. The test trance confirmed that it was in fact a longhouse and that it was 14 m long. The other test trance was made on a small hill were slag had been visible on the surface. There we found an iron production site.

Mynd 15. Svæðið eftir að grjót var fjarlægt. Ljósmynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.

4.4 Ósvör. Björgunarrannsókn vegna framkvæmda á safnasvæði

Leyfishafi: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir	**Fyrirtæki/stofnun:** Náttúrustofa Vestfjarða
Rannsóknarnúmer: 2013070026	**Número Þjóms:** 2013-68
Staðsetning: A 309843; N 634600	**Póstnúmer**: 415 Bolungarvík
Vettvangsrannsókn hófst: 19.07.2013	**Vettvangsrannsókn lauk**: 07.09.2013
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	**Aðferð**: uppgröftur

Við framkvæmdir á upphlöðnum reit sem haldið var að væri fiskþurrkunarreitur framan við hjall í Ósvör við Bolungarvík kom í ljós mjög sérkennilegt feitt lag. Þótti ástæða til að kanna hvort umrædd hleðsla væri hugsanlega eitthvað annað enn fiskþurrkunarreitur og var rannsóknin gerð með það markmið að komast að því hvers eðlis þessi hleðsla var. Við lagfæringu á drenlögn við tilgátuhús sem staðsett er við Ósvör kom í ljós mjög svart lag. Fengið var leyfi til að rannsaka það svæði frekar til að kanna hvers eðlis þetta svarta lag var.
Ákveðið var að opna svæði framan við hjallinn sem er 5,8 x 2,1 m að stærð. Eftir að grjót sem þegar var raskað hafði verið fjarlægt kom í ljós lífrænt lag sem náði yfir allt svæðið. Efst í þessu lagi var mikið af gripum, aðallega önglar og hlutar úr veiðarfærum, en magn gripa minnkaði eftir því sem neðar var komið í lagið. Eldstæði fannst í norðvesturhorni.
Lagið var mjög lífrænt og laust í sér, það var ekki eins þétt og gólflög verða oft. Ekki er hægt að fullyrða að þarna sé um gólflag í húsi að ræða en þetta lag hefur verið yfirborð að einhverju tagi og grjót sett yfir það síðar. Hleðslur í kring eru veglegar en enginn merki um torf. Ef þetta hefur verið hús hafa veggir þess verið út timbri. Rannsókn er ekki lokið á svæðinu en nauðsynlegt er að grafa það niður á óhreyft til að geta svarað betur spurningum um hvort þetta séu leifar af

húsi sem síðar hefur verið breytt í fiskþurrkunarreit eða eitthvað annað. Gripir sem fundust við rannsóknina voru að mestu leiti önglar og naglar.
Einnig var opnað svæði við norðvesturhorn hins svokallaða salthúss. Þegar gerð var lítil drenlögn við húsið kom í ljós mjög dökkt lag. Skurður var opnaður út frá horni hússins og að klettum um 2 metrar á lend og 2 metrar á breidd.
Í ljós kom grjóthleðsla sem hugsanlega er eldstæði þar sem hákarlalifur hefur verið brædd en mikið var af fiskbeinum í öskunni sem var dreifð var um allt svæðið en þó áberandi mest þar sem grjóthleðslan var. Svæðið er í skjóli við kletta og mjög auðvelt að vinna við bræðslu á þessum stað en mikilvægt var við lifrarbræðslu að halda löngum og stöðugum hita. Jafnframt er hugsanlegt að þarna sé um að ræða svæði þar sem ösku úr eldstæðum var hent. Mikið magn fiskbeina var í öskunni auk beina dýra og fugla í mun minna magni. Brunalag var mjög afmarkað innan hleðslunar sem styrkir þá kenningu að um eldstæði sé að ræða.

English Summary

When small adjustment were being made in the outdoor museum at Ósvör a fat cultural layer was found in stone foundation perversely thought to be a platform to dry fish on. The aim of the research was to determine what kind of structure this could be. After the stones had been removed a fatty cultural layer perhaps a floor was found. In the corner a fireplace was found. A lot of artifact like fishhooks was found in the layer. The research is not over and it needs to be dug down to sterile. It is still hard to determine if this is part of a house or if this is just an open surface that this fish drying platform was built on to of. At least we can see that some activity regarding the fishing in Ósvör took place there. Hopefully this research will come to an end in the summer of 2016.
Not far from this site of the platform a black layer was found when a drench trench was being made from one of the buildings on the site. We got permission to see what kind of cultural layer this was and found out that this was an outdoor fireplace most likely to melt shark liver.

Mynd 16. Yfirlitsmynd af bæjarhól Vatnsfjarðar. Ljósmynd: Garðar Guðmundsson.

4.5 Fornleifarannsókn í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp



Leyfishafi: Oddgeir Isaksen	**Fyrirtæki/stofnun:** Fornleifastofnun Íslands ses
Rannsóknarnúmer: 2003070019	**Númer Þjóms:** 2013-55
Staðsetning: A 340905; N 609225	**Póstnúmer**: 401 Ísafjörður
Vettvangsrannsókn hófst: 15.07.2013	**Vettvangsrannsókn lauk**: 09.08.2013
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	**Aðferð**: uppgröftur

Tilgangur rannsóknanna í Vatnsfirði er að kanna aldur og fyrra hlutverk búsetuminja í Vatnsfirði í samhengi við landshætti, umhverfi og menningu. Rannsóknirnar hafa staðið yfir frá árinu 2003. Byggingaleifum þeim sem rannsakaðar hafa verið á bæjarhól Vatnsfjarðar má í grófum dráttum skipta í tvö búsetuskeið. Annars vegar er um að ræða leifar síðasta torfbæjarins sem byggður var 1884 og var í ábúð til 1907 en nýttur að hluta eftir það rétt fram yfir 1920. Hins vegar er um að ræða leifar bæjar sem byggður var á seinni hluta 17. aldar, byggt á gjóskulagagreiningu, en endurnýttur að nokkru leyti sem hluti af bænum frá 1884. Hafður er sá hátturinn á í Vatnsfirði að gripir eru hreinsaðir og þeim pakkað en þeir fá ekki úthlutað gripanúmeri fyrr en á úrvinnslustigi. Því er fjöldi gripa frá sumrinu 2013 óljós að svo stöddu.
Það svæði sem unnið var á í ár var fyrst grafið á árunum 2006-2007 og er það austast á rannsóknarsvæðinu. Var á þessum árum afhjúpuð bygging með stórum steinhlöðnum kjallara sem var hluti af 1884 bænum og var ákveðið að varðveita hana sökum ágætrar varðveislu. Árin 2008-2011 færðust rannsóknir því vestar á bæjarhólinn þar sem grafnar voru upp frekari leifar 1884 bæjarins auk þess sem leifar 17. aldar bæjarins fóru að koma í ljós. Var greinilega um að ræða

dæmigerðan íslenskan gangabæ með veglegum bæjargöngum og herbergjum út frá þeim. Árið 2011 var orðið ljóst að varðveisla 17. aldar bæjarins virtist vera einstaklega góð. Herbergin og bæjargöngin voru grafin fram í sinni upprunalegu mynd og voru síðustu gólflögin sem grafin voru upp á tímabilinu að öllum líkindum frá því seint á 17. öld eða upphafi 18. aldar. Við lok tímabilsins var einnig greinilegt að bæjargöngin sem og fleiri leifar þessara bæjarhúsa, lágu undir bygginguna frá 1884 (með kjallaranum) sem hafði verið ákveðið að varðveita og því ljóst að hún yrði að víkja svo hægt væri að afhjúpa 17. aldar bæinn að fullu. Árið 2012 var svo lokið við að fjarlægja mannvistarlög sem tilheyrðu þessari byggingu og við lok tímabilsins stóðu í raun einungis útveggir hennar eftir auk stóra grjóthlaðna kjallarans. Í byrjun uppgraftartímabilsins 2013, voru veggir þessarar byggingar fjarlægðir og kom í ljós að þeir voru, eins og gjarnan vill vera á bæjarhólum, byggðir á eldri veggjum. Kom í ljós eldri bygging sem er nokkuð stærri en sú frá 1884 með leifum af stóru eldstæði, eða hlóðum, og er að öllum líkindum um eldhús að ræða. Fór mestur hluti tímabilsins eftir það í að fjarlægja gólflög þessarar byggingar og bendir frumgreining á gripum fundnum í þeim til þess að þau gólflög séu frá tímabilinu c.a. 1850-1884, eða frá lokaskeiði búsetu í 17. aldar bænum.
Sjávarminjar: Haldið var áfram uppgreftri á meintu nausti (rúst 5) við svonefnda Bólvík. Byggingin er frá því fyrir 1693 samkvæmt gjóskulagagreiningu. Enn á eftir að greina sýni tekin úr gólfum til að staðfesta að fullu að um naust sé að ræða. Grafnir voru þrír könnunarskurðir í rúst 4 skammt norðvestur af rúst 5. Komu í ljós vegghleðslur og gólflög. Er þessi rúst eldri en 1693 samkvæmt gjóskulagagreiningu og virðist hún jafnframt eldri en rúst 5 af útlitinu að dæma.

Mynd 17. Yfirlitsmynd yfir sjávarminjar við Bólvík. Ljósmynd: Garðar Guðmundsson.

English Summary

The remains on the Vatnsfjörður farm mound can be divided into two phases of occupation. On the one hand there are the remains of the last turf farm that was built in 1884 and occupied until 1907, although parts of it were reused until the early 1920s. On the other hand there are the remains of a 17th century farm house (dated by tephrochronological analysis), that were reused as parts of the 1884 farm complex. The area, excavated this year, in the eastern most part of the farm mound, was first opened during 2006-2007 seasons when a room belonging to the 1884 farm house was uncovered along with a large stone built cellar. Due to a good condition of the room and the cellar it was decided to preserve both to be displayed to guests visiting Vatnsfjörður. In the 2008-2011 seasons, excavations therefore moved further to the western part of the farm mound where further remains of the 1884 farm house were excavated as well as the remains of the 17th century farm house, a typical Icelandic passage way farm, started to appear. In 2011 it was becoming clear that the 17th century farm complex seemed to be in rather good condition. Its rooms and passageway were excavated down to what was considered their original form although the earliest floors excavated were in all likelihood from late 17th century to early 18th century. At the end of the 2011 season it had become clear that those remains were running under the 1884 building on the eastern most part of the farm mound, which had previously been intended for preservation. Therefore it was decided to reopen that part of the research area and remove the building in order to reveal fully the remains of the 17th century farm house. In 2012 the remaining floor deposits belonging to the 1884 room were removed and in 2013 its walls. That revealed a slightly larger room with the remains of a large hearth which indicates the room being the remains of a kitchen. Preliminary analysis of artefacts from the floors of the room indicates them being from 1850-1884, or from the last phase of use of the 17th century farm house.

The marine remains: Excavations continued in 2013 on an alleged boat hose (ruin 5), by the so called Bólvík bay, that predates the H-1693 tephra. Samples taken from floors have not been processed at this point so the role of the building has not been confirmed. Three test trenches were dug into ruin 4, a few meters north-west of ruin 5. The trenches revealed wall remains and floors, predating the 1693 tephra. The ruin also seems to considerably older than ruin 5.

5. Norðurland vestra

Mynd 18. Fornu tóftirnar á Hamarsgerði séð inn Vesturdal í suður. Ljósmynd: Sólrún Inga Traustadóttir.

5.1 Forkönnun á Hamarsgerði – sannreyning á hlutverkum mannvirkja



Leyfishafi: Lilja Laufey Davíðsdóttir	**Fyrirtæki/stofnun:**
Rannsóknarnúmer: 2013070022	**Númer Þjóms:** 2013-67
Staðsetning: A 501619; N 527279	**Póstnúmer**: 560 Varmahlíð
Vettvangsrannsókn hófst: 23.07.2013	**Vettvangsrannsókn lauk**: 26.07.2013
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	**Aðferð**: könnunarskurðir

Markmið rannsóknarinnar var að kanna sannleiksgildi þeirrar túlkunar sem farið hefur fram á minjasvæðinu og athuga hversu vel má greina hlutverk minja út frá innrauðum loftmyndum. Grafnir voru tveir könnunarskurðir hvor í sína tóftina. Könnunarskurður 1 var tekinn í tóft A sem liggur suðaustast á minjasvæðinu. Könnunarskurður 2 var tekinn í tóft C sem liggur norðvestast. Gjóskan H-1300 liggur óhreyfð í báðum skurðum. Engir gripir eða fundir af öðru tagi komu í ljós við rannsóknina.
Í könnunarskurði 1 er hugsanlega um tvö mannvirki að ræða. Torfveggur með landnámsgjóskunni, H-1104 og steinhleðslum liggur þvert í skurðinum með stefnuna norðvestur-suðaustur. Aldursgreining á honum er milli 1104 og 1300. Ekkert gólf fannst sem fylgir þessu mannvirki og er því talið að svo stöddu að hér sé ekki um mannabústað að ræða. Hugsanlega tilheyrir veggurinn einskonar gerði. Annar torfveggur liggur þvert á þann fyrri og undir hann. Hefur hann

stefnuna norðaustur-suðvestur. Ekkert annað fannst sem tengist þessum torfvegg en hann er greinilega eldri en sá fyrri og gæti því hugsanlega verið partur af eldri byggingu sem annars er ekki sjáanleg í skurðinum. Aldursgreining hans er einnig á milli 1104 og 1300.
Í könnunarskurði 2 er að finna torfvegg og tvö gólf sem öll eru samtíða og tilheyra mannabústað. Hugsanlega er einnig að finna í skurðinum eldri byggingu. Annar torfveggur liggur undir yngri torfvegginn og er með svipaða stefnu og hann. Í þeim eldri er þó aðeins að finna landnámsgjóskuna og aðra óþekkta gjósku. Torfið í veggjunum tveimur er ólíkt og tilheyrir greinilega ekki sama byggingarstigi, hvort sem um er að ræða aðra byggingu sem yngra mannvirkið hefur verið byggt ofan á eða eldra byggingarstig á sama mannvirki.
Í torfi yngri veggjarins er að finna gjóskulögin Vj-1000 og landnámslagið. Beggja vegna veggjarins var hins vegar að finna örlítið af torfi sem innihélt H-1104 gjóskuna. Þess vegna er þessi bygging aldursgreind á milli 1000 og 1300 eða 1104-1300. Ekki er hægt að fullyrða hvort torfið sem inniheldur H-1104 gjóskuna tilheyri veggnum að svo stöddu. Hugsanlegt er að einhverjar viðgerðir hafi átt sér stað og nýju torfi (með H-1104 gjósku) bætt við.

English Summary

The aim of the research was to test the accuracy of previous interpretation of the site which was done by studying infrared aerial photos. Two test trenches were excavated for this purpose. Test trench 1 was placed in ruin A, which lies on the SE side of the area. Test trench 2 was placed in ruin C, which lies on the NW side of the area. The H-1300 tephra can be found in situ in both test trenches.
In test trench 1 the H-1300 tephra lies in situ over most of the cultural layers in the trench. Two turf walls were found in the test trench, both made after the 1104 eruption and before the 1300 eruption. No floor layers were found in relation to the walls. At this point it is not considered to have belonged to a human dwelling. However, it could be some kind of animal enclosure. Given the directions of the turf walls and the difference in the structure of the turf, it can be concluded that they are neither from the same structure nor the same time period.
In test trench 2 all cultural activity that was found lies under the H-1300 tephra, which was in situ. A younger turf wall and two floor layers, Floor 1 and Floor 2, are all from the same structure and same time period. They belong to a structure that has been dated to either the period of 1000-1300 AD or 1104-1300 AD. Small traces of the 1104 tephra was found, but only in a small turf collapse on the north side. This could indicate that the wall had undergone some repairs with a different kind of turf, which later collapsed. Before the turf collapsed, soil had gathered both inside and outside of the structure. Traces of charcoal from the floors have then mixed with this windblown deposit.
Another turf wall was found under the first one, indicating an older structure in the trench. It has traces of settlement tephra and another unidentified tephra, but not the Vj-1000 tephra. The turf is very different from the turf in the younger wall and it is clear that it belongs to another phase, whether it is an older part of the same structure or a different structure.

Mynd 19. Loftmynd af svæðinu við lok rannsóknar. Ljósmynd: John Schoenenfelder.

5.2 Uppgröftur kirkjugarðs á Stóru-Seylu – Skagfirska kirkjurannsóknin



Leyfishafi: Guðný Zoëga	**Fyrirtæki/stofnun:** Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknarnúmer: 2008070010	**Númer Þjóms:** 2013-47
Staðsetning: A 477818; N 563769	**Póstnúmer**: 560 Varmahlíð
Vettvangsrannsókn hófst: 15.07.2013	**Vettvangsrannsókn lauk**: 19.08.2013
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	**Aðferð**: uppgröftur

Lokið var við uppgröft á kirkju og kirkjugarði á Seylu sumarið 2013. Rannsóknin á kirkjugarðinum á Stóru Seylu er hluti af stærra verkefni, Skagfirsku kirkjurannsókninni, og hefur það að markmiði að kanna með fullnaðaruppgreftri kirkjugarð sem er vel afmarkaður í tíma, frá því fyrir 1104. Í ljós komu 18 grafir til viðbótar þeim sjö sem grafnar voru upp 2012. Alls hafa því verið 25 grafir í kirkjugarðinum þegar hann var aflagður og fluttur á 11. öld. Þar af höfðu 11 grafir verið tæmdar þegar garðurinn var fluttur eða 44% grafanna. Sumarið 2013 fundust sjö grafir sem ekki höfðu verið tæmdar. Þar af voru sex barnsgrafir. Tvær grafir lágu innan kirkjunnar: gröf fullorðins einstaklings og barnsgröf. Bein fullorðna einstaklingsins höfðu verið fjarlægð en barnsbeinagrindin skilin eftir. Hún hafði þó orðið fyrir einhverjum skemmdum og vantaði t.a.m. stóran hluta úr vinstri hlið hennar. Augljóst er að kistur hafa verið í hluta grafanna þar sem nokkuð fannst af líkkistunöglum og dálítið af viðarleifum. Einungis tvær kistur fundust hins vegar heilar en báðar voru þær þó mjög illa varðveittar. Í annarri var beinagrind 3ja ára barns en í hinni hefur legið ungbarn en bein þess höfðu verið fjarlægð.

Klárað var að grafa upp kirkjubygginguna en hún hefur verið úr timbri með niðurgröfnum hornstólpum. Ekki fundust ummerki kórs og ekkert torf hefur verið umhverfis timburverkið. Kirkjan hefur verið 2 m á breidd og 3 m á lengd að innanmáli. Kirkjugarðsveggurinn hefur að mestu verið úr torfi en einfalt grjótlag í undirstöðum hans. Torfið hefur þó verið fjarlægt að mestu úr garðinum áður en 1104 gjóskan féll.
Undir kirkju og kirkjugarði fundust leifar eldri mannvirkja. Var þar um að ræða smiðju og skepnuhús af einhverjum toga. Smiðjan virðist hafa verið að hluta grafin inn í skepnuhúsið og er því yngri. Hún hefur þó verið aflögð fyrir 1000.
Ekki var grafið frekar í þessar byggingar en grafir og 11. aldar uppgröfturinn tengdur færslu garðsins voru grafin ofan í byggingarnar og mátti því greina gerð og byggingastig í sniðunum sem þannig höfðu myndast.
Um 60 númer voru skráð fyrir staka fundi og voru þar af 24 gripanúmer. Sjö beinagrindur fundust í óhreyfðum gröfum og u.þ.b. 5 kg af dýrabeinum söfnuðust úr rótuðu lagi.

English Summary

The excavation of an 11th century church and churchyard at Stóra-Seyla in Skagafjörður, North Iceland was completed in the summer of 2013. The excavation of the cemetery is a part of a larger project that aims at investigating churches and churchyards in Skagafjörður and eventually fully excavating a pre-1104 cemetery. The cemetery came into use early in the 11th century, but was discontinued in the latter half of the century. This coincided with the relocation of the whole farmstead about 100 meters uphill. The church and churchyard wall were dismantled and rebuilt on the new farmstead and a large portion of the graves had been emptied of bones and/or bodies which, presumably, were then reburied in the new cemetery. However, some of the graves had not been emptied, notably those next to the cemetery wall and those of infants and children.
In total, 25 graves were excavated but 11 of those had already been fully or partially emptied. Eight of the graves not emptied, were those of infants and children or 73%.
The excavation also yielded the remains of a church and churchyard wall. In the church a stone foundation and four post holes were excavated indicating that it was built of timber, with sunken corner posts. The churchyard wall had been built mostly of turf, but with a foundation made up of a single layer of stones. All the turf from the wall had been removed when the cemetery was relocated.
Underneath the cemetery and church were the remains of a 9-10th century animal barn and a smithy which were left unexcavated.

Mynd 20. Brian Damiata með segulsviðsmælinn (CMD Explorer) á Hegranesþingi. Ljósmynd: John Steinberg / SCaSS

5.3 Fornleifarannsóknir í Hegranesi. Skagafjörður Church and Settlement Survey



Leyfishafi: John Steinberg	**Fyrirtæki/stofnun:** University of Massachusets.
Rannsóknarnúmer: 2013060042	**Númer Þjóms:** 2013-48
Staðsetning: A 479765; N 577670	**Póstnúmer**: 551 Sauðárkrókur
Vettvangsrannsókn hófst: 08.07.2013	**Vettvangsrannsókn lauk**: 31.07.2013
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	**Aðferð**: fjarkönnun

Helsta markmið verkefnisins var að prófa áreiðanleika jarðsjármælinga til að finna og staðsetja kristna grafreiti og/eða kirkjugarða frá víkingaöld og miðöldum á Íslandi. Segulsviðsmælingar (electro-magnetic) nokkurra grafreita í Skagafirði sýndu fram á að sú aðferð er vel fallin til að bera kennsl á forna jarðlæga grafreiti. Með aðferðinni voru greindir hringlaga kirkjugarðsveggir og kirkjur að Óslandi, Bjarnastöðum í Kolbeinsdal og á Hegranesþingstað. Á Stóru-Ökrum, Völlum og Utanverðunesi fundust eingöngu merki hringlaga kirkjugarðsveggja. Á Völlum virtist veggurinn einungis hafa verið hlaðinn úr torfi. Frekari rannsóknir þarf til að staðfesta niðurstöðurnar en litlir könnunaruppgreftir hafa þó að hluta staðfest mælingarnar að Bjarnastöðum og Hegranesþingi og að hluta til Óslandi.

Grjóthlaðnar veggundirstöður komu skýrt fram bæði við segulsviðs- og radarjarðsjármælingar. Þó virðist einnig hægt að greina veggi sem eingöngu voru hlaðnir úr torfi. Niðurstöðurnar benda því til að greina megi

kirkjugarðsveggi þrátt fyrir mismunandi byggingaraðferðir og varðveisluskilyrði, jafnvel þar sem engin merki er að finna um þá á yfirborði. Við sérstök skilyrði má jafnvel greina einstaka grafir.

English Summary

The major goal of this project was to test the reliability of geophysical reconnaissance to identify buried Christian churchyards and cemeteries in Iceland. Electromagnetic surveys of the various cemetery sites demonstrated that multi-sensor EM survey is an effective method for the identification of early Christian cemeteries. EM survey identified anomalies associated with circular cemetery enclosure walls and central church structures at Ósland, Bjarnastaðir, and Hegranesþing. At Stóru-Akrar, Vellir, and Utanverðunes buried turf walls suggestive of cemetery enclosures were identified. Excavations are required to confirm these identifications. Detectable anomalies associated with buried turf walls without stones were identified at Vellir. Stone foundations appear as strong anomalies in both EM and GPR surveys. This indicates that cemetery enclosure walls can be detected over a wide range of construction techniques and preservation conditions. The remote sensing surveys also revealed anomalies associated with these locations that were not visible on the surface including some distinct separate features that have no surface sign and may represent intact graves. The use of multi-sensor electromagnetic conductivity meters appear to be an effective geophysical reconnaissance technique for identifying graves in pre-Christian grave fields and finding buried early Christian cemeteries in Viking Age and medieval Iceland. Under the current preservation and geophysical conditions, these techniques appear to be able to map significant features of Christian cemeteries, including enclosure walls and central (church) structures.

Mynd 21. Raflagnaskurður í Keflavík á Hegranesi skoðaður, hluti gamla bæjarstæðisins í baksýn. Ljósmynd: Þór Hjaltalín.

5.4 Keflavík á Hegranesi



Leyfishafi: Þór Hjaltalín (MÍ)	**Fyrirtæki/stofnun:** Minjastofnun Íslands
Rannsóknarnúmer: 2013110012	**Númer Þjóms:**
Staðsetning: A 477686; N 581880	**Póstnúmer**: 551 Sauðárkrókur
Vettvangsrannsókn hófst: 07.10.2013	**Vettvangsrannsókn lauk**: 07.10.2013
Tegund rannsóknar: könnunaruppgröftur	**Aðferð**: könnunarskurður

Rannsóknin byggir á 24. gr. laga um menningarminjar um áður ókunnar fornminjar sem koma í ljós vegna framkvæmda. Í október 2013 var háspennulína á vegum RARIK plægð niður í gegn um tún í Keflavík á Hegranesi. Lega línunnar hafði verið ákveðin í samráði við minjavörð Norðurlands vestra og var henni valinn staður milli forns bæjarstæðis í túni og aldagamals bæjarhóls Keflavíkurbæjar. Línan var að mestu plægð niður en grafinn var skurður þar sem að raflína átti að liggja frá háspennukaplinum til útihúsa í túni. Bóndinn í Keflavík lét vita af skurðinum en hún taldi sig sjá þar vegghleðslu sem annars engin ummerki voru um í sléttu túninu. Minjastofnun Íslands framkvæmdi fyrstu vettvangsrannsókn ásamt Byggðasafni Skagfirðinga og staðfestu að þarna væru veggjaleifar en einnig voru ummerki um niðurgreftri sem báru þess öll merki að geta verið grafir manna. Snið í skurði var teiknað upp og skráð og var staðfest að þarna væri um kirkjugarð að ræða þar sem mannabein fundust neðst í skurði.

Skurðurinn var alls 2,7 m metra langur og metri á breidd og lá SSV-NNA. Hann var dýpstur um 80 cm. Vestursnið var teiknað upp en háspennulínan lá við austursnið. Í sniðinu kom fram grjóthlaðin undirstaða. Í sniðinu komu fram þrjár grafir og hafði skurðurinn verið grafinn þvert í gegnum fótenda þeirra. Grafirnar hafa legið mjög þétt og voru skil á milli þeirra nokkuð óglögg. Allar grafirnar, auk veggundirstöðunnar, lágu undir Heklugjóskunni frá 1104. Það kann að benda til að kirkjugarðurinn hafið verið aflagður fyrir þann tíma og að kirkja og/eða kirkjugarðsveggur hafi verið tekinn ofan.

English Summary

In October 2013 the farmer at Keflavík in Hegranes reported an alleged wall construction in a trench dug by the Iceland State Electricity (RARIK) which was putting down new electric cables in the area. The Cultural Heritage Manager for North West Iceland responded and accompanied by archaeologists from Skagafjörður Heritage Museum visited the site to look at the alleged wall. In short the wall turned out to be a wall, probably belonging to some kind of a churchyard feature because three graves could also be made out in the sections of the trench.

Mynd 22. Horft yfir leifar fornbýlis á svokölluðum Stafhólsstekk. Ljósmynd: Guðný Zoëga.

5.5 Eyðibyggð og afdalir Skagafjarðar VII áfangi

Leyfishafi: Guðný Zoëga	Fyrirtæki/stofnun: Byggðasafn Skagafjarðar
Rannsóknarnúmer: 2013070011	**Númer Þjóms:** 2013-62
Staðsetning: A 490907; N 593840	**Póstnúmer**: 566 Hofsós
Vettvangsrannsókn hófst: 10.07.2013	**Vettvangsrannsókn lauk**: 15.10.2013
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	**Aðferð**: blönduð tækni

Sumarið og haustið 2013 fóru fram fornleifarannsóknir á 11 stöðum í Skagafirði í tengslum við ritun sjöunda bindis Byggðasögu Skagafjarðar. Á 10 stöðum voru einungis teknir borkjarnar til aldursgreiningar en á Hrappsá í Deildardal voru teknir tveir litlir könnunarskurðir í túngarð.
Minjarnar voru af ýmsum toga en segjast verður að hár aldur þeirra flestra hafi komið rannsakendum nokkuð á óvart. Áður þekkt fornbýli voru staðfest í landi Nýlendis á Höfðaströnd og Stafns í Deildardal. Á báðum stöðum fundust leifar bæja sem aflagðir hafa verið fyrir aldamótin 1100 en gætu jafnvel verið frá upphafi byggðar. Hvort þarna eru upphafleg bæjarstæði Nýlendis og Stafns verður þó ekki fullyrt án frekari rannsókna. Byggðasaga Hrappsár (Hrafnsár) í Deildardal og Spánár í Unadal var lengd um nokkur hundruð ár en á báðum stöðum komu fram ummerki um byggð fyrir 1104. Spánár er fyrst getið í skjölum á 16. öld en engar heimildir eru um byggð á Hrappsá fyrr en á 19. öld. Á svokölluðu Miðgerði í landi Grafar komu í ljós leifar fornbýlis, líklega frá miðöldum og á síðari öldum hefur verið búið í Þönglaskálaseli í Unadal. Um hvorugan þessara staða finnast ritheimildir eða munnmælasögur. Heimild er til frá 18. öld um að hjáleiga hafi fyrrum verið í Stafhólslandi en niðurstöður rannsóknanna benda til að þar hafi byggð verið aflögð um 1300. Á tveimur stöðum í svokölluðum Haga í landi Grafargerðis fyrir mynni Deildardals fundust skammtímabústaðir manna sem áður voru engar heimildir fyrir.
Á Svínavöllum var afsönnuð sú kenning að bæjarstæðið hefði fyrrum staðið neðar en það síðar gerði. Rannsóknir á Grafarseli gáfu ekki óyggjandi niðurstöðu um aldur. Annars var ekki farið í frekari aldursgreiningu selja sem skrifast á fjölda þeirra og hve tímafrekar rannsóknir þeirra hefðu orðið. Nokkur seljanna voru mæld upp og búið er að hnitsetja öll sel sem fundist hafa.

English Summary

In the summer of 2013, 11 places were archaeologically examined in the Skagafjörður region, North Iceland. The research is a part of an ongoing collaboration project which is aimed at surveying and dating the earliest settlement remains in Skagafjörður. Twelve places were examined, eight by systematic soil coring, four by test trenches.

The results were as follows:

- Grafarsel in Deildardalur: predates AD1766.
- Hrappsá in Deildardalur: predates AD1104.
- Kot in Deildardalur: predates AD1104.
- Stafshólsstekkur in Unadalur: predates AD1300.
- Nýlendiskot/Nýlendi on Höfðaströnd: predates 1766.
- Unnamed ruins, Nýlendi on Höfðaströnd: predates AD1104.
- Shieling on the farm Gröf in Hofshreppur: predates AD1300.
- Beitarhús on the farm Gröf in Hofshreppur: predates AD1766.
- Spáná in Unadalur: predates AD1104.
- Svínavellir in Unadalur: predates AD1104.
- Þönglabakkasel in Unadalur: predates AD1300.

The dates acquired for most of these sites added considerably to the known settlement history of the associated farms.

6. Norðurland eystra

Mynd 23. Framan við rof á rúst F, horft í vestur. Ljósmynd: Ramona Harrison.

6.1 Siglunes – eyfirsk verstöð á barmi eyðileggingar



Leyfishafi: Birna Lárusdóttir	**Fyrirtæki/stofnun:** Fornleifastofnun Íslands ses
Rannsóknarnúmer: 2011060020	**Númer Þjóms:** 2013-69
Staðsetning: A 506335; N 633507	**Póstnúmer**: 580 Siglufjörður
Vettvangsrannsókn hófst: 01.08.2013	**Vettvangsrannsókn lauk**: 05.08.2013
Tegund rannsóknar: björgunarrannsókn	**Aðferð**: uppgröftur

Markmið verkefnisins er að varpa ljósi á forna verstöð sem er á barmi eyðileggingar vegna rofs. Hófst verkefnið árið 2011. Haldið var áfram að grafa í rúst F, sem er óðum að hverfa. Elsti hluti hennar er undir gjósku frá 1104. Lokið var við að grafa upp innra byrði rústarinnar í skurði I og sýni voru tekin úr neðstu gólflögum. Auk þess var grafinn prufuskurður (nefndur II) í norðurhlið rústarinnar, þann enda sem er fjærst ströndinni. Með þessum skurði var staðfest að byggingarskeið voru tvö. Eldra mannvirkið var undir gjóskulagi frá 1104 en líklega hefur það yngra verið í notkun fram á 19. eða 20. öld. Töluverð ummerki fundust um ösku utan við rústina og tilheyra þau eldra byggingarskeiði. Ályktað var að frekari uppgröftur í þessa rúst hefði ekki mikið upp á sig þar sem svo lítið er eftir af henni.
Auk uppgraftarins voru ljósmyndir teknar af öllum rústum á nesinu sem rof herjar á. Sex stakir gripir voru skráðir og tíu sýni tekin í rannsókninni.

English Summary

The aim of the research is to shed light on an old fishing station on Siglunes, Siglufjörður. The fishing station is in danger due to coastal erosion and rescue-research has been conducted there since 2011. In 2013 excavation was continued in a ruin called F, which by now has almost disappeared into the sea due to erosion. The oldest phase of construction predates tephra from 1104. Excavation of trench I was finished and samples taken from floor layers. A new trench (II) was opened across the back wall further away from the coastline. It was evident that the structure consists of two building phases, the older one predating 1104 and the more recent one lasting until the 19th or possibly 20th centuries. It was concluded that further excavation in this ruin would not be feasible as it has nearly completely eroded away.

Additionally photos were taken of all eroding ruin mounds on the Siglunes peninsula.

Mynd 24. Loftmynd af uppgraftarsvæði Skugga. Ljósmynd: Garðar Guðmundsson.

6.2 Eyjafjörður Ecodynamics/Gásir Hinterland Project plus

Leyfishafi: Ramona Harrison	**Fyrirtæki/stofnun:** Fornleifastofnun Íslands ses
Rannsóknarnúmer: 2008080011	**Númer Þjóms:** 2013-37
Staðsetning: A 523911; N 573964	**Póstnúmer:** 601 Akureyri
Vettvangsrannsókn hófst: 10.06.2013	**Vettvangsrannsókn lauk:** 06.07.2013
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	**Aðferð:** blönduð tækni

Rannsóknarverkefnið Eyjafjörður Ecodynamics/Gásir Hinterland Project Plus er hluti af umfangsmikilli rannsókn sem beinist að baklandi Gása í Eyjafirði með sérstakri áherslu á Hörgárdal og Öxnadal. Tilgangurinn er að varpa skýrara ljósi á umsvif Gásakaupstaðar sem og gagnvirk tengsl verslunarstaðarins við bakland sitt og efnahag svæðisins í heild. Sumarið 2013 var grafið á tveimur stöðum í Eyjafirði undir merkjum verkefnisins.

Á Skugga var rannsókn á öskuhaugum sem grafið var í árin 2008 og 2009 haldið áfram. Undir öskuhaugum kom í ljós mannvirki sem er líklega frá 10.-11. öld. Ráðgert er að rannsaka það betur í framtíðinni. Að auki voru teknir tveir prufuskurðir á svæðinu: 1x3 m að stærð annars vegar og 1x2 m hins vegar. Á Skugga fundust bæði gripir og bein og voru skráð 95 fundanúmer gripa og 67 pokar með dýrabeinum.

Í Staðartungu var rannsókn gerð á leifum öskuhaugs sem fannst vorið 2013. Öskuhaugurinn er að öllum líkindum frá því fyrir 1104 en honum hefur talsvert verið raskað í umróti vegna búskapar og lagningar heimreiðar. Í Staðartungu voru skráð tvö fundanúmer og átta pokar með dýrabeinum.

Mynd 25. Hreinsun á skurði í Staðartungu. Ljósmynd: Norie Manigault.

English Summary

The project Eyjafjörður Ecodynamics/Gásir Hinterland Project Plus is a part of an extensive research that aims at shedding light on the relationship between the medieval trading place at Gásir and its hinterland, especially in Hörgárdalur and Öxnadalur. The project also looks at the economy of the area in whole. In 2013 excavations were carried out in two places.

Skuggi: Continuation of the work on midden trench 1 that was found and begun in 2008, and continued in 2013. The extents of a ruin from the 10. - 11. Century have been found and are going to be part of future excavation. Two new test trenches were dug. TR 2 was 1m by 3m and TR 3 was 1m by 2m.

Staðartunga: Research into the remains of a midden mound from probably 1104 and earlier took place there.

Mynd 26. Svæði B að uppgrefti loknum. Horft til norðurs. Ljósmynd: Howell M. Roberts.

6.3 Ingiríðarstaðir í Þegjandadal



Leyfishafi: Howell M. Roberts	**Fyrirtæki/stofnun:** Fornleifastofnun Íslands ses
Rannsóknarnúmer: 2007070008	**Númer Þjóms:** 2013-71
Staðsetning: A 575250; N 588300	**Póstnúmer**: 641 Húsavík
Vettvangsrannsókn hófst: 19.08.2013	**Vettvangsrannsókn lauk**: 30.08.2013
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	**Aðferð**: uppgröftur

Uppgröfturinn er hluti af rannsókn sem farið hefur fram á Ingiríðarstöðum frá árinu 2008. Er verkefnið liður í nýjum rannsóknum á kumlum úr heiðnum sið á Íslandi. Á Ingiríðarstöðum var sumarið 2013 grafið á þremur reitum: A, B og C og voru skráðir 19 stakir gripafundir og 43 beinaeiningar úr hreyfðum gröfum, aðallega hrossbein. Einnig voru tekin fjögur sýni.

Reitur A þakti 34 m² og liggur beint norður og vestur af uppgraftarsvæði ársins 2012. Engar grafir komu í ljós á svæðinu. Hinsvegar fannst ein mjög stór stoðarhola við suðurmörk uppgraftarins. Svipar henni til stoðarhola sem fundust bæði árin 2010 og 2011. Holan er stutt norðvestur frá steinhaugnum sem fannst árið 2012, og kann að eiga við þann haug, þótt samhengið þar á milli sé ekki skýrt. Væntanlega hefur einhvers konar stoð verið reist og látin standa upp á endann á þessum stað, en engan veginn er ljóst í hvaða tilgangi það hefur verið gert.

Reitur B var samsvarandi að stærð, eða 32m² og lá norðan og vestan við svæði A. Á reitnum vottaði fyrir raski, þúfum og holum sem minntu á ummerki um fornar grafir er rannsakaðar höfðu verið fyrri ár. Við uppgröft komu í ljós tvær

grafir með mjóu hafti á milli og svipar þeim til kumlapara sem fundist hafa á hverju ári frá upphafi rannsókna. Ljóst var að báðum gröfunum hafði verið raskað fyrir margt löngu, rétt eins og allar grafir sem fundist hafa til þessa á Ingiríðarstöðum, og reyndar í allri sýslunni síðustu ár. Gjóskulög eru vel varðveitt í dalnum og sjá mátti að Heklulag sem talið er að hafi fallið um 1300 lá ekki aðeins yfir gröfunum heldur einnig raskinu sem þær höfðu orðið fyrir síðar. Grafirnar voru báðar aflangar og ofan í þeim fylling af lausum jarðvegi og stöku steinum. Talsvert var af beinum í báðum gröfum, en í lélegu ástandi og sundurlaus. Í nyrðri gröfinni voru nokkur hestbein sem lágu eðlilega saman, nokkur leggjabein og hestkjálki, en einnig stök mannstönn. Í syðri gröfinni voru einnig fáeinir naglar. Í hornum syðri grafar voru stoðarholur, svipaðar og fundist hafa við nokkrar aðrar grafir á teignum. Líklegt er að stoðirnar hafi borið uppi einhvers konar skýli yfir gröfinni, hugsanlega úr skinni eða taui.
Grafinn var 3m² skurður, C, suður af svæði B og vestur af svæði A. Tilefnið var að kanna ójöfnur á yfirboði sem svipaði ögn til staða þar sem grafir hafa leynst undir. Í ljós kom að þar voru engin mannvirki og engin ummerki um mannvist að öðru leyti en því að landnámssyrpuna vantaði. Gæti það verið af náttúrlegum ástæðum en hugsanlega vegna niðurgraftar eða stungið hafi verið torf á þessum bletti.

English Summary

The excavation is a part of a yearlong research that has been carried out in Ingiríðarstaðir since 2008. The project is a component of a larger research aimed at studying pagan burials in Iceland. Area 2013_A. - 34m2 - located directly north and west of the 2012 area. Excavation revealed a substantial post setting at the southern limit of the area, similar to features discovered in 2010 and 2011. The purpose of such posts remains enigmatic, but could represent a flagpole or similar construction.
Area 2013_B - 32m2 - located north and west of Area A, targeting the north-western most surface anomaly indicated in the application documents. Excavation revealed a double grave, similar to those found previously. Both features had previously been reopened on at least 2 occasions prior to 1300, as indicated by intact H-1300 tephra horizons sealing both the original graves and later truncations. Removal of mixed site fills containing frequent fist sized stones exposed a significant quantity of bone in both features. This bone was nonetheless seen to be in a poor to moderate condition and largely disarticulated. The northern grave contained a few articulated elements of horse legs, along with other bone and horse teeth. The southern grave contained disarticulated horse bone (including a mandible), several other undetermined long bones and also a single human tooth. The southern grave also contained a small number of corroded iron nails and other undetermined iron objects.
The corners of the southern grave adjoined/contained post holes, of variable form and dimensions as noted previously at Ingiríðarstaðir. These are interpreted as supports for a lightweight and temporary cover for the southern grave, perhaps an animal skin or a cloth.
Area 2013_C - 3m2. Located south of Area B and west of Area A. This exploratory trench targeted a previously unobserved surface anomaly. No archaeological features or layers were discovered, although it is noted that the LNS tephra sequence was absent in this area, possibly due to truncation.

Mynd 27. Narfastaðatún. Ljósmynd: Árni Einarsson.

6.4 Narfastaðir



Leyfishafi: Adolf Friðriksson	**Fyrirtæki/stofnun:** Fornleifastofnun Íslands ses
Rannsóknarnúmer: 2013090026	**Númer Þjóms:**
Staðsetning: A 575310; N 576968	**Póstnúmer**: 641 Húsavík
Vettvangsrannsókn hófst: 1.10.2013	**Vettvangsrannsókn lauk**: 4.10.2013
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	**Aðferð**: borkjarnar

Dagana 1. - 4. október 2013, voru teknir 20 borkjarnar í túni Narfastaða í Reykjadal, S-Þingeyjarsýslu. Markmið rannsóknarinnar var að afla gagna um sögu og þróun byggðar á Narfastöðum. Gamli bærinn á Narfastöðum stendur á bæjarhól og þar eru eldri leifar bæjarins og líklega kirkju frá miðöldum. Um 500 m NNV frá bænum eru garðleifar og tóftir í jaðri túnsins. Eru þessar minjar kallaðar Ytra-Gerði og ágiskanir um að þar hafi verið hjáleiga eða jafnvel eldra bæjarstæði Narfastaða. Meginhluti Ytra-Gerðis mun hafa farið undir tún á fyrri hluta 20. aldar.

Víða í og við tún á Narfastöðum eru hvompur og mishæðir sem minna á byggingaleifar en gætu allt eins verið náttúrumyndanir. Við athugun með kjarnabor kom í ljós að flestar þær mishæðir sem sjást svo glögglega í heimatúninu á Narfastöðum eru náttúrumyndanir og enginn vottur mannvistarleifa. Nyrst í túninu kom í ljós vottur af torfefni og kolaleifar. Gæti þar verið kolagryfja eða jafnvel smiðjutóft.

English Summary

At Narfastaðir in Reykjadalur, S-Þingeyjarsýsla in Iceland, a limited programme of soil core testing was carried out in the home field to the west and north of the Narfastaðir Guesthouse. This survey was intended to determine whether midden deposits with preserved organic remains, or any trace of cultural refuse or other archaeological contexts, were present in buried soils in the home field. They were tested with the use of an Oakfield soil core tester equipped with a 3/4 inch tubular bit, and a 50m tape.

The coring of what appeared to be structural features revealed that most of them are natural formations. By the northern edge of the home field, traces of turf and charcoal were found, indicating the possible trench of a charcoal pit, or perhaps the remains of a smithy.

Mynd 28. Loftmynd tekin með flygildi, austan við túnið, sem sýnir afstöðu kirkjugarðsins gagnvart núverandi bæjarhúsum á Hofstöðum og rúst víkingaaldarskálans. Ljósmynd: Garðar Guðmundsson.

6.5 Fornleifauppgröftur í kirkjugarðinum á Hofstöðum í Mývatnssveit



Leyfishafi: Hildur Gestsdóttir	**Fyrirtæki/stofnun:** Fornleifastofnun Íslands ses
Rannsóknarnúmer: 2002070019	**Númer Þjóms:** 2013-63
Staðsetning: A 584681; N 568977	**Póstnúmer**: 660 Mývatn
Vettvangsrannsókn hófst: 06.08.2013	**Vettvangsrannsókn lauk**: 30.08.2013
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	**Aðferð**: uppgröftur

Rannsóknir hófust í kirkjugarðinum á Hofstöðum árið 1999 og stóðu yfir til ársins 2004 en hófust svo aftur árið 2010 og hefur verið grafið þar á hverju sumri síðan. Tilgangur rannsóknanna er að gera heildstæða rannsókn á kirkju og kirkjugarði frá miðöldum með það fyrir augum að auka bæði þekkingu á byggingatækni og notkun kirkna á miðöldum og á greftrunarsiðum á sama tíma. Frá því rannsóknir hófust hafa verið grafnar upp leifar tveggja timburkirkna og 121 beinagrind umhverfis þær, þar af ein sem fannst utangarðs, grafin innundir kirkjugarðsvegginn. Auk þess hefur hluti kirkjugarðsveggjarins verið grafinn fram. Rannsóknum lauk að mestu árið 2012 á því uppgraftarsvæði sem upphaflega var opnað árið 1999 og stækkað töluvert eftir að rannsóknir hófust árið 2010.
Árið 2013 var markmiðið að stækka uppgraftarsvæðið til suðurs og vesturs frá upphaflega svæðinu í þeim tilgangi að afhjúpa það sem eftir væri af

kirkjugarðinum. Var markmiðið að við lok uppgraftar væri farið að sjást í þær grafir sem eftir væru í garðinum. Fljótlega eftir að verkið hófst komu þó í ljós talsvert þykk lög úr torfi og grjóti sem orðið höfðu til við sléttun bæjarhólsins sem er fast vestan við kirkjugarðinn. Var af þeim sökum ljóst að þau markmið sem sett höfðu verið myndu ekki nást ef því væri haldið til streitu að afhjúpa allan kirkjugarðinn. Því var ákveðið að falla frá þeim áformum og stækka uppgraftarsvæðið einungis til suðurs, út fyrir kirkjugarðsvegginna, en markmiðið var þó eftir sem áður að afhjúpa þær grafir sem eftir væru. Þessar áætlanir stóðust og við lok uppgraftartímabilsins var farið að sjást í a.m.k 17 grafir auk þess sem kirkjugarðsveggurinn var farinn koma víða í ljós og lögun hans orðin nokkuð skýr á öllu svæðinu. Loftmyndir voru teknar af uppgraftarsvæðinu og kom þá í ljós að kirkjugarðsveggurinn er ekki hringlaga eins og áður hafði verið talið heldur virðist hann vera átthyrndur. Auk þess voru grafnar upp tvær beinagrindur fullorðinna einstaklinga á eldra svæðinu. Markmiðið 2014 er að ljúka stækkun uppgraftarsvæðisins til vesturs og halda uppgreftri áfram á því svæði sem var opnað í ár.
56 gripanúmer voru skráð í rannsókninni auk þess sem tvær heilar beinagrindur voru grafnar upp og 10-15 bein fundust í grafafyllingum. Samtals fundust 13,3 kg af dýrabeinum í mismunandi einingum (en. context).

Mynd 29. Loftmynd af rannsóknarsvæðinu í kirkjugarðinum á Hofstöðum tekin rétt sunnanvert við garðinn. Ljósmynd: Garðar Guðmundsson.

English Summary

Research began in the cemetery at Hofstaðir in 1999 and lasted until 2004, but came to a halt for some years, until they began again in 2010 and have continued to this date. In this period the remains of two wooden churches have been found along with 121 skeletons around them, including one who was buried outside the cemetery, under the surrounding cemetery wall.

Excavations in the research area, originally opened in 1999 and expanded considerably in 2010, were mostly completed in 2012. In 2013 the goal was therefore to expand the excavation area to the south and west of the original site to uncover the rest of the cemetery and expose the remaining graves, believed to be found there. Soon after the excavations started, it became clear that this part of the site was covered with thick demolition deposits created by the flattening of a farm mound, situated west of the cemetery. Therefore it was decided to abandon previous plans to expose the whole cemetery this year and only expand the excavation area to the south where most of the remaining graves were expected to be found. Those new plans were successful and at the end of the season, at least 17 graves had been revealed. The cemetery wall in this new area was also starting to appear, and it was discovered to be octagonal in shape rather than circular as was previously thought. In addition two skeletons of adults were excavated in the older research area.

In 2014 the plan is to expose the cemetery fully to the west and continue excavations in the area opened this year.

Mynd 30. Rannsóknarsvæðið eftir uppgröft, úr lofti. Norður til hægri, svæði E nær bænum. Ljósmynd: Garðar Guðmundsson.

6.6 Skútustaðir í Mývatnssveit



Leyfishafi: Megan T. Hicks	**Fyrirtæki/stofnun:** Fornleifastofnun Íslands ses
Rannsóknarnúmer: 2008060019	**Númer Þjóms:** 2013-61
Staðsetning: A 590571; N 564586	**Póstnúmer:** 660 Mývatn
Vettvangsrannsókn hófst: 06.07.2013	**Vettvangsrannsókn lauk:** 02.08.2013
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	**Aðferð:** blönduð tækni

Rannsóknin á Skútustöðum, sem staðið hefur með hléum frá árinu 2008, miðar að því að grafa upp öskuhauginn á bænum og afla efniviðar til athugana á úrgangslögum frá miðöldum og einkum síðmiðöldum. Niðurstaða vettvangsrannsóknar ársins 2013 er sú að í bæjarhólnum norðan og vestan Skútustaða III reyndust enn vera ruslalög með allnokkrum dýrabeinaleifum. Grafin voru svæði E og I. Á svæði I var jarðrask en mjög takmarkaðar mannvistarleifar. Á svæði E reyndust vera ruslalög sem lágu frá háhólnum og niður til suðurs, eftir náttúrulegum halla og ofan í gjótur sem þar eru. Svo til á háhólnum er jafnframt bygging úr grjóti sem er eldri en 1477 en ókunnugt er um hlutverk hennar. Byggingin liggur við norðurbrún svæðis E og var svæðið því skert við norðurenda og rannsókn á byggingunni sleppt, enda er markmið uppgraftar að rannsaka öskuhauga. Við rannsóknina voru skráð 678 fundanúmer auk 67 poka af dýrabeinum.

English Summary

The research at Skútustaðir, which has been ongoing since 2008, aims at excavating the main midden of the farm and thus collecting data from the medieval and especially late medieval period. Cultural layers were exposed on the farm mound in areas called E and I, which are located north and west of the house of Skútustaðir III.

In area I there was disturbed soil from top and down to the bedrock, but midden material was limited. In area E there were disturbed cultural layers and midden material from the top of the farm mound, downwards the natural slope towards the house, and in fissures into the bedrock underneath. At the top of the mound the remains of a structure made of stone was exposed. The size of area E was shortened to exclude the structural remains, as the aim of the excavation was to gather midden remains for further study of the economy of the farm.

Mynd 31. Rannsóknarsvæði á Bakka. Kort: Oddgeir Isaksen

6.7 Bakki á Tjörnesi



Leyfishafi: Oddgeir Isaksen	**Fyrirtæki/stofnun:** Fornleifastofnun Íslands ses
Rannsóknarnúmer: 2012080012	**Númer Þjóms:** 2013-86
Staðsetning: A 574851; N 620139	**Póstnúmer**: 640 Húsavík
Vettvangsrannsókn hófst: 23.9.2013	**Vettvangsrannsókn lauk**: 10.10.2013
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	**Aðferð**: blönduð tækni

Um var að ræða framhald rannsókna sem fóru fram haustið 2012 þar sem grafnir voru 28 könnunarskurðir í 16 fornleifar. Er niðurstöðum þeirrar rannsóknar lýst í skýrslu Fornleifastofnunar nr. FS503-12042.
Alls voru 25 fornleifar til athugunar að þessu sinni, sem voru staðsettar á þremur fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum á Bakka. Allar fornleifarnar voru mældar upp með DGPS-stöð og var grafið í 17 þeirra samkvæmt fyrirmælum minjavarðar norðausturlands. Í 14 tilvikum var eingöngu um könnunarskurði að ræða sem á endanum urðu 18. Í 3 tilvikum þurfti að ráðast í fullnaðaruppgröft að undangegnum greftri könnunarskurða. Loks var látið nægja að mæla og merkja minjar í 8 tilvikum.

Um var að ræða minjar af ýmsu tagi sem spönnuðu tímabil allt frá 10. öld fram á 20. öld.
Grafið var í 3 matjurtagarða og reyndust tveir þeirra vera frá 19.-20. öld en í þeim þriðja sáust ummerki um notkun fyrir 1717.Grafið var í 1 niðurgrafna fjárhústóft og reyndist vera um niðurgrafið grindafjárhús sem að líkindum er ekki eldra en frá seinni hluta 18. aldar eða byrjun 19. aldar. Grafið var í 1 áveitugarð norðan Bakkaár og reyndist hann vera frá 19. öld. Grafið var í 2 þústir sem reyndust vera hrundar vörður sem ekki tókst að tímasetja út frá gjóskulögum. Grafið var í 2 þústir og 1 meintan vörslugarð og reyndist vera um náttúrumyndir að ræða. Í 1 tilviki voru könnunarskurðir ranglega staðsettir vegna skekkju í loftmynd og gaf minjavörður fyrirmæli um að grafa skyldi nýja skurði á vormánuðum 2014. Grafið var í 1 þúst sem reyndist vera undirstöður timburkofa.Grafnir voru 3 könnunarskurðir til að kanna umfang þriggja þústa sem eru í röð á dálitlum hólrana. Í þeim fannst talsvert af mannvistarlögum sem talin eru tengjast og voru þau öll eldri en H-1300 gjóskan. Fundust 7 gripir í þessum lögum, en þar á meðal voru sylgja úr koparblöndu sem talin er vera frá 10.-12. öld og grýtubrot úr klébergi sem talið er vera frá víkingaöld. Mannvistarlögin sjálf voru greinileg torfhrunslög úr byggingum og móösku og viðarkolalög. Engin skýr mannvirki fundust en talið er nær öruggt að þau sé þó að finna í næsta nágrenni, að líkindum í sjálfu vegstæðinu og þyrfti að rannsaka svæðið betur áður en framkvæmdir hefjast. Fullnaðaruppgröftur var gerður á einni fornleif. Var um að ræða byggingu sem talin er vera frá 10.-11. öld út frá greiningu gjóskulaga. Hefur byggingin verið undir þaki þar sem í henni fannst talsvert af stoðarholum, en einnig fannst talsvert af pinnaholum sem gætu verið ummerki innréttinga af einhverju tagi. Engin afgerandi gólflög fundust og er því að líkindum um skepnuhús að ræða.

English Summary

The research was a continuation of a project that started in the fall of 2012. This year 25 sites were under evaluation, located on three intended construction sites. All of the sites were measured with a DGPS-device and 17 were excavated. 14 sites were only test trenched but 3 were fully excavated. Eight sites were fenced for protection.
The sites were of various types with the time span from the 10th century up to the 20th century. 3 vegetable gardens were excavated, of which two date back 19th to early 20th century, but the third dates back to the 18th century. One turf wall, part of an irrigation system was excavated that dates back to the late 19th to early 20th century. One sheep house was test trenched with the age span of late 18th to early 19th century. Two undefined features were fully excavated and turned out to be collapsed cerns. Three features turned out to be natural. On one occasion test trenches were wrongly located due to an error in an AP. In three connected sites, Viking Age remains were found, both artifacts and deposits which calls for further investigation. One building was excavated that turned out to be a 10th-11 outhouse.

Mynd 32. Sjóhúsvík. Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið, horft til norðvesturs. Ljósmynd: Uggi Ævarsson.

6.8 Svalbarð í Þistilfirði



Leyfishafi: Guðrún Alda Gísladóttir	**Fyrirtæki/stofnun:** Fornleifastofnun Íslands ses
Rannsóknarnúmer: 2008050034	**Númer Þjóms:** 2013-50
Staðsetning: A 650985; N 640353	**Póstnúmer**: 681 Þórshöfn
Vettvangsrannsókn hófst: 15.07.2013	**Vettvangsrannsókn lauk**: 02.08.2013
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	**Aðferð**: blönduð tækni

Innan verkefnisins Svalbarð í Þistilfirði, sem hefur það markmið að afla frekari vitneskju um samband höfuðbýlis og smærri eininga innan jarðar, s.s. selja og hjáleiga, fóru fram bæði uppgraftarrannsóknir og fornleifaskráning sumarið 2013. Skráðar voru fornleifar á Bægistöðum, Fjallalækjarseli, Kúðá og Brekknakoti. Uppgreftir fóru fram á Kúðá, Svalbarði, Sjóhúsvík, Hjálmarvík og Hjálmarvík B. Við rannsóknirnar voru skráð 271 fundanúmer, 50 númer með dýrabeinum og 37 pokar með dýrabeinum. Á Kúðá var rannsakaður hluti útihúss norðan við bæjarhólinn. Frumniðurstöður benda til að húsið sé frá því fyrir 1300. Á Svalbarði var hluti öskuhaugs bæjarins rannsakaður og er hann frá tímabilinu eftir 1477 til u.þ.b. 1900. Rannsóknin í Sjóhúsvík fór fram á litlum hól sem í eru leifar bygginga með nokkrum hólfum. Sennilega er um tvö byggingarstig að ræða og er hið eldra talið frá því fyrir 1300. Í Hjálmarvík var rannsakaður hluti öskuhaugs frá tímabilinu 1300 til u.þ.b. 1900 og í Hjálmarvík B var gerð rannsókn og skráning á kolagröf við sjóinn sem talin er frá því fyrir 1477.

English Summary

The research in Svalbarð aims at gathering information on the relationship between the main farm and smaller units of the farm-network, e.g. shielings and tenancy farms. In 2013 both excavation and archaeological survey was conducted within the project.

- Kúðá: Archaeological research on an outhouse north of the Kúðá farm mound. Preliminary result suggest that the house is from before 1300.
- Svalbarð: Archaeological research on a part of the Svalbarð's farm midden. The research material dates to 1477- ca.1900.
- Sjóhúsvík: Archaeological research on small mound which includes structure remains probably from two different periods. Preliminary work suggest that the earlier structure is pre- 1477.
- Hjálmarvík: Archaeological research on a part of the Hjálmarvík midden. The research material dates from 1300- ca. 1900.
- Hjálmarvík B: Charcoal pit by the sea registered. The pit is older than 1477.
- Archaeological survey in Bægistaðir, Fjallalækjarsel, Kúðá and Brekknakot.

Mynd 33. Hjálmarvík. Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið, horft til suðvesturs. Ljósmynd: Céline Dupont-Hébert.

7. Austurland

Mynd 34. Yfirlitsmynd tekin í vestur. Ljósmynd: Ruth Currie.

7.1 Skálanes í Seyðisfirði

Leyfishafi: Bjarki Borgþórsson	**Fyrirtæki/stofnun:**
Rannsóknarnúmer: 2013060007	**Númer Þjóms:** 2013-57
Staðsetning: A 747029; N 542751	**Póstnúmer**: 710 Seyðisfjörður
Vettvangsrannsókn hófst: 25.6.2013	**Vettvangsrannsókn lauk**: 27.7.2013
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	**Aðferð**: Blönduð tækni

Lagt var upp með að grennslast fyrir um hugsanlegt eldra bæjarstæði á Skálanesi sem staðsett er utarlega í sunnanverðum Seyðisfirði. Einnig var von um að staðsetja öskuhaug fyrir framtíðar rannsóknir um landnytjar svæðisins í

samstarfi við líffræðinga frá Háskólanum í Glasgow. Litlar ritaðar heimildir eru til um búsetu á Skálanesi og er því búskaparsaga svæðisins nokkuð á huldu. Tekin voru 6 borsýni í norðurparti meints bæjarstæðis þar sem hugsanlegur hlaðvarpi gæti hafa verið. Lítil sem engin mannvist kom fram í kjörnunum og var því ljóst að meginpartur hólsins var náttúrulegur. Frekari leit að öskuhaug var því sett á ís. Ofan á hólnum er vel sýnileg lítil bygging sem af öllum líkindum var í notkun á 20. öldinni. Í sverðinum undir og umhverfis hana mótar fyrir stærri byggingu og var tekin sú ákvörðun að opna svæði við norðurvegg þeirrar byggingar. Torf var fjarlægt af svæði sem spannar 5x8m og náði það inn í miðjan norðurvegginn. Á svæðinu eru ekki mörg gjóskulög sem hægt er að notast við. Það var þó greinilegt að eldri byggingin sem sýnileg er á hólnum var ekki lengur í notkun þegar Öskjugosið 1875 átti sér stað. Í veggnum var gjóska úr Heklugosinu 1477 og gefa þessi tvö öskulög grófa mynd af notkunartíma byggingarinnar. Í veggnum var töluvert af viðar- og móösku og mátti greina lítið eldstæði undir honum en kolsvartir steinar höfðu verið notaðir sem púkk í vegginn. Þegar hætt var rannsókn var það orðið ljóst að þriðja byggingin á hólnum er undir sverði og má greina leifar af ösku úr Öræfajökli 1362 í torfi hennar en ekki Heklu 1477.

English Summary

The goal of the research on Skálanes in Seyðisfjörður was to locate the old farmstead and the midden. Six core samples were taken in the north part of possible farmstead. No evidence of the midden or much human activity came out of them so it was clear that a big part of the area was natural. In the research area are ruins of an building that obviously was in use in the 1900's. That building stands on top of another bigger and older one. The research area was opened in the north wall of the older structure. All use of that building was stopped when the tephra from Askja 1875 fell. The tephra from Hekla 1477 was in the wall and clear sign of wood- and peat ash. Burned stones were used in the wall from a fireplace that was located under the wall. It was clear when the research stopped that a third building phase is there and the sign of tephra from Öræfajökull 1362 is in the turf.

Mynd 35. Kofatóft í landi Skorrastaðar að rannsókn lokinni. Ljósmynd: Guðný Zoëga.

7.2 Rannsókn á tveimur tóftum vegna gerðar Norðfjarðarganga



Leyfishafi: Guðný Zoëga	**Fyrirtæki/stofnun:** Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknarnúmer: 2013060041	**Númer Þjóms:** 2013-60
Staðsetning: A 740753; N 523136	**Póstnúmer**: 740 Neskaupsstaður
Vettvangsrannsókn hófst: 10.07.2013	**Vettvangsrannsókn lauk**: 12.07.2013
Tegund rannsóknar: framkvæmdarrannsókn	**Aðferð**: könnunarskurðir

Tvær tóftir voru rannsakaðar í tengslum við vega- og gangagerð í Norðfirði sumarið 2013. Annars vegar kofatóft í landi Skorrastaða sunnan Norðfjarðarár en hins vegar útihúsatóft í landi Kirkjubóls norðan ár. Kofatóftin sunnan ár mun hverfa við vegaframkvæmdirnar en tóftin norðan ár er rétt á útmörkum skeringa við áætlaðan veg og verður því að óbreyttu líklega fyrir hnjaski vegna framkvæmdanna.
Tóftin sunnan ár tengist líklega yfirsetu eða skepnuhaldi á Hálshúsum, beitarhúsum frá Skorrastað, á fyrri hluta 20. aldar. Aldur, gerð og útmörk tóftarinnar voru nokkuð glögg og augljóst að einungis var um eitt byggingarskeið að ræða. Tóftin í Kirkjubólslandi var hins vegar flóknari að gerð. Sá hluti hennar sem gleggstur var á yfirborði er 20. aldar heytóft. Undir henni voru leifar 10. – 13. aldar útihúsa: skepnuhúss og/eða hlöðu. Engir gripir fundust við rannsóknina.

English Summary

Two ruins were examined with test trenches in connection with road construction associated with planned road tunnelling in Norðfjörður, East Iceland. Both ruins turned out to be small animal and/or hay barns. One was a single phase turf construction dating probably to the early 20th century. The other, also of turf, had possibly three building phases, the first two dating to the 13th century or earlier, the last phase probably from the early 20th century.



Mynd 36. Yfirlitsmynd yfir rúst í Ódáðahrauni úr lofti með könnunarskurði merktum inn.
Ljósmynd: Garðar Guðmundsson

7.3 Tóft í Ódáðahrauni



Leyfishafi: Uggi Ævarsson (MÍ)	**Fyrirtæki/stofnun:** Minjastofnun Íslands
Rannsóknarnúmer: 2013130001	**Númer Þjóms:**
Staðsetning: A 628562; N 547197	**Póstnúmer**:
Vettvangsrannsókn hófst: 16.8.2013	**Vettvangsrannsókn lauk**: 16.8.2013
Tegund rannsóknar: könnunaruppgröftur	**Aðferð**: könnunarskurður

Síðan árið 1979 þegar rústin í Ódáðahrauni fannst hafa heimamenn brotið heilann um eðli og tilgang rústarinnar sem er ekki bara langt úr almannaleið heldur einnig úr leið smala í göngum. Ekkert vatn er að sjá nálægt rústinni og hefur hún ekkert auðsjáanlegt gildi sem aðhald fyrir skepnur. Tilgangur rannsóknarinnar var að freista þess að aldursgreina rústina sem og að grennslast fyrir um hugsanlegt hlutverk hennar til að svala fræðilegri forvitni og ekki síst að grípa til aðgerða áður en að jarðvegurinn inni í tóftinni blési alveg ofan í mel.

Eftir fornleifarannsóknina er ekki hægt að skera úr um hlutverk rústarinnar svo óyggjandi sé. Hvorki gripir né bein fundust í prufuskurðinum né heldur sáust eldsmerki. Þó virðist sem rústin sé yngri 1477 en þó er töluverð jarðvegsþykkt inni í tóftinni sem gæti verið vísbending um býsna háan aldur. Ef ætti að tímasetja tóftina nánar þyrfti gjóskulagafræðingur að vera með í för.

English Summary

The research did not yield a definite answer about the role of the ruin. There were no artefacts or bones found and no traces of fire. It is quite likely that the ruin is later than the tephra layer 1477 but the accumulation of soil inside the ruin indicates quite some age. If the ruin were to be dated further a tephrochronologist would have to take a look at the section.



Mynd 37. Yfirlitsmynd yfir tóft í Kringilsárrana sumarið 2013. Ljósmynd: Guðný Zoëga.

7.4 Könnunarskurður í leitarmannatóft í Kringilsárrana



Leyfishafi: Guðný Zoëga	**Fyrirtæki/stofnun:** Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknarnúmer: 2012040019	**Númer Þjóms:** 2013-56
Staðsetning: A 646747; N 485506	**Póstnúmer**: við Hálslón á Brúaröræfum
Vettvangsrannsókn hófst: 09.07.2013	**Vettvangsrannsókn lauk**: 12.07.2013
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	**Aðferð**: könnunarskurðir

Sumarið 2013 var gerð fornleifakönnun á ætluðum leitarmannakofa í Kringilsárrana þar sem kofinn er í hættu vegna rofs og sandburðar vegna Hálslóns og framkvæmda í tengslum við það. Kofinn hefur líklega verið í notkun á fyrri hluta 19. aldar. Hann hefur verið að hluta niðurgrafinn en þannig hefur þurft lægri veggi og minna torf til byggingar. Töluverðar viðarleifar og flatir steinar lágu í róti í botni tóftarinnar og eru það líklegast leifar kofaþaksins. Þakið hefur fyrst fallið niður en síðan hefur torfið úr veggjunum sigið þar ofan á. Engin merki voru um að eldur hefði verið kveiktur í tóftinni. Stærð og gerð kofans staðfestir að hann hafi verið skammtímadvalarstaður sem fellur vel að túlkun minjanna sem leifar leitarmannakofa. Ekki var hægt að greina hvort kofinn hafi verið endurbyggður en hann var í upphafi byggður nokkru eftir að 1477 gjóskan féll og líklega aflagður um eða fyrir Öskjugos 1875. Hann er nú að mestu horfinn í set úr Hálslóni en hann hverfur undir vatnsborð þess þegar lónið er í hæstu stöðu. Við rannsóknina fundust þrír járnnaglar og eitt dýrabein.

English Summary

A test trench was dug into the remains of a small cabin in the highland area Kringilsárrani, East Iceland. The aim of the research was to record information about the ruin which was being destroyed by erosion and the accumulation of sand in the area, due to the Hálslón reservoir. The area was used by local farmers for grazing sheep in the summer and the cabin was probably a short term dwelling for those who collected the sheep in the autumn. The cabin was partly subterranean, with low turf walls and a wooden roof which have collapsed onto the sunken cabin floor. The building was probably in use in the first half of the 19th century. The remains have all but disappeared in sediment as they are periodically submerged by the Hálslón reservoir.

8. Suðurland

Mynd 38. Snið í prufuholu 1. Sjá má strengi í vegg og svart E-934 undir. Horft mót suðri. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson.

8.1 Heiðarbýlin. Fornar rústir á Síðuheiðum.

Leyfishafi: Bjarni F. Einarsson	**Fyrirtæki/stofnun:** Fornleifafræðistofan
Rannsóknarnúmer: 2007070007	**Númer Þjóms:** 2013-70
Staðsetning: A 540295; N 364867	**Póstnúmer**: 880 Kirkjubæjarklaustur
Vettvangsrannsókn hófst: 10.08.2013	**Vettvangsrannsókn lauk**: 11.08.2013
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	**Aðferð**: könnunarskurðir

Markmið rannsóknarinnar er sem fyrr, en hún hófst árið 2007, að aldursgreina nákvæmlega eyðibýli á heiðinni, aðallega með gjóskugreiningum. Sú tilgáta sem unnið er með er að byggð á láglendi suður af Síðuheiðum hafi farið í eyði við gosið árið 934 og að fólk hafi flutt sig upp á heiðarnar og byggt þar aftur upp býli sín. Sú byggð hopaði síðar þegar álagsins á heiðarnar fór að gæta og láglendið aftur komið í fyrra horf. Rústin sem grafinn var könnunarskurður í er í Streitugili og er um meintan skála að ræða. Rústin er yngri en 934 og er byggð beint ofan á jafnaldra gjóskulag úr Eldgjá. Hún er talsvert eldri en 1206 en lag úr Heklu frá því ári er mjög greinilega yfir rústinni. Það lag var greint sjónrænt, enda auðþekkt og hefur áður verið greint í verkefninu. Rannsóknin var liður í verkefni sem gengur út á að kanna áhrif gossins í Eldgjá á byggð á svæðinu. Er rannsóknin sú sjötta í röð rannsókna verkefnisins. Svo virðist sem byggðin á láglendinu hafi flutt sig upp á heiðarnar eftir gosið (nær eldstöðinni) en þurft að

hopa stuttu síðar. Líkleg skýring á því var að heiðarnar þoldu ekki álagið sem búsetan olli á umhverfið. Líklega átti þetta bæði við minni og stærri býlin og var Böðmóðstunga sennilega eitt hinna stærri býla sem þurfti að hopa.

English Summary

This excavation is part of a larger project with the aim of dating abandoned farmsteads in the heath of Síðuheiðar. The ruin is younger than E-934, and is built on top of the tephra from that year. The ruin is much older than the tephra layer above the walls which fell in 1206 (Hekla).

Mynd 39. Skurðirnir tveir á Gröf. Ljósmynd: Elín Ósk Hreiðarsdóttir.

8.2 Fornleifarannsóknir í Skaftártungu



Leyfishafi: Elín Ósk Hreiðarsdóttir	**Fyrirtæki/stofnun:** Fornleifastofnun Íslands ses
Rannsóknarnúmer: 2013060036	**Númer Þjóms:** 2013-46
Staðsetning: A 521621; N 363564	**Póstnúmer:** 880 Kirkjubæjarklaustur
Vettvangsrannsókn hófst: 20.06.2013	**Vettvangsrannsókn lauk:** 03.07.2013
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	**Aðferð:** blönduð tækni

Verkefnið sem rannsóknin er hluti af byggir á áralöngum gjóskulagarannsóknum þar sem markmiðið hefur verið að nota gjóskulög, uppsöfnun þeirra og varðveislu til að kortleggja gróðurfar fyrri alda. Markmið sumarsins var að staðsetja og áætla varðveislu á öskuhaugum á svæðinu og skoða vísbendingar um aldursgreiningu byggðar. Samtals voru teknir þrír prufuskurðir og tveir litlir „skófluskurðir“ á rannsóknarsvæðum í Skaftártungu sumarið 2013. Sums staðar voru tekin borkjarnasýni en í sumum tilfellum kom í ljós að uppsöfnun gjósku- og eða áfokslaga var of mikil til að hægt væri að bora niður á mannvistarlög. Í öðrum tilfellum, þar sem styttra var niður á mannvistarlög, gáfu borkjarnasýni góða raun. Á nokkrum stöðum voru hreinsuð upp snið sem voru blásin eða að falla í gil- eða árfarvegi. Sex manns komu að rannsókninni: tveir fornleifafræðingar, tveir nemar og tveir aðrir sérfræðingar. Alls voru skráð 26 fundanúmer og 13 pokar af dýrabeinum.
Á Ljótarstöðum var hreinsað upp snið. Þar brotnar árlega af bæjarhólnum og í rofi hans má sjá leifar mannvistarlaga og öskuhaugs. Mannvistarleifar sáust niður á gjósku frá Eldgjá (um 940) en leifar öskuhaugs voru ofarlega í sniðinu og voru líklega frá 18.-20. öld.
Á Gröf gáfu borkjarnasýni vísbendingar um öskulög og á grundvelli þeirra voru teknir tveir litlir prufuskurðir í jaðri bæjarhóls. Þar reyndist fjölbreytilegt og ágætlega varðveitt beinasafn undir gjóskulagi frá 1918 en það virtist að stærstum hluta yfir lagi frá 1755.

Á Svartanúpi var borað á nokkrum stöðum og að lokum teknir tveir „skóflu-skurðir“ og einn eiginlegur skurður. Skóflusku rðirnir voru annars vegar í meintan öskuhaug við hlið bæjar og hins vegar í meintan úrgangshaug neðan við bæ (sem reyndist gjóskuhrúga). Hinn eiginlegi skurður var tekinn í túngarð umhverfis heimatún í þeim tilgangi að reyna að aldursgreina svæðið betur. Þunn lög af öskuhaugi reyndust í skurði við hlið bæjar. Sæmileg lög voru á milli gjóskulaga frá 1755 og 1918 en óverulegri leifar á milli gjóskulaga frá 1660 og 1755. Umfang og magn öskuhaugsins var lítið. Túngarður reyndist frá 19. öld og á þriðja staðnum fannst gjóskuhaugur frá 1845.
Fast vestan við túnið í Svartanúpi eru nokkrar fornlegar tóftir sem voru til aðgreiningar nefndar Litli-Svartinúpur á vettvangi. Hluti tóftanna er að brotna í gamalt gil austan þeirra og voru þar hreinsuð upp snið á tveimur stöðum. Þar sást í tóftir sem líklega voru byggðar um svipað leyti og Eldgjá gaus um 940.

Mynd 40. Skurður í túngarð Svartanúps. Ljósmynd: Elín Ósk Hreiðarsdóttir.

English Summary

The research is a part of a bigger project based on yearlong research that aims at looking at tephra layers, their accumulation and preservation in order to map vegetation in the past. The aim of the summer was to situate and determine the state of preservation in middens in the area and look at possible clues for the dating of the settlement of the site. In the summer of 2013 coring was done on most of the sites applied for but in some cases the accumulated tephra and windblown layers were too deep for the core to reach below them to any cultural layers. In other areas the core proved more useful. Eroding sections were cleaned in three locations and small shovel test pits were dug in two locations. Trial trenching was done in three locations, on two sites. Eroding sections in Ljótarstaðir and by two ruins in "Litli"-Svartinúpur showed cultural occupation from about 940 onwards. Middens were detected in Ljótarstaðir, in Gröf and in Svartinúpur and in all locations they were from the period between 1660 and 1918. Preservation of midden material seemed fairly good.

Mynd 41. Hreinsað snið í framræsluskurði. Horft til suðurs. Ljósmynd: Uggi Ævarsson.

8.3 Papahellir á Seljalandi undir Eyjafjöllum

Leyfishafi: Uggi Ævarsson (MÍ)	**Fyrirtæki/stofnun:** Minjastofnun Íslands
Rannsóknarnúmer: 2013130002	**Númer Þjóms:**
Staðsetning: A 450955; N 345237	**Póstnúmer**: 861 Hvolsvöllur
Vettvangsrannsókn hófst: 30.08.2013	**Vettvangsrannsókn lauk**: 30.08.2013
Tegund rannsóknar: könnunaruppgröftur	**Aðferð**: könnunarskurður

Ekki var um uppgröft að ræða, aðeins var hreinsað fram snið í framræsluskurði og rýnt í. Tilefnið var að freista þess að finna útmokstur frá því að hellarnir voru höggnir út. Ástæða ferðarinnar var að doktorsnemi í fornleifafræði hjá HÍ, Magda Pikante, var að skrifa um aldursgreiningaraðferðir. Viðstaddir auk nemans voru Orri Vésteinsson prófessor hjá HÍ og leiðbeinandi hennar, Andy Dugmore prófessor við Edinborgarháskóla í Skotlandi, ásamt minjaverði Suðurlands, Ugga Ævarssyni. Ekki sáust nein ummerki útmokstursins.

English Summary

The research was aimed at cleaning a section in a drainage ditch in order to attempt to see if remains of rock or soil from when the nearby caves were cut could be detected in the section. No indications of the cave-making could be found. The attempt was made in order to get information for a PhD student at the University of Iceland who is writing a thesis on dating methods.

Mynd 42. Horft ofan í könnunarskurð á Rimakoti. Ljósmynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.

8.4 Rimakot í Austur-Landeyjum



Leyfishafi: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir	**Fyrirtæki/stofnun:** Náttúrustofa Vestfjarða
Rannsóknarnúmer: 2013060044	**Númer Þjóms:** 2013-58
Staðsetning: A 441716; N 340613	**Póstnúmer**: 861 Hvolsvöllur
Vettvangsrannsókn hófst: 03.07.2013	**Vettvangsrannsókn lauk**: 03.07.2013
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	**Aðferð**: könnunarskurður

Að kröfu Minjastofnunar var gerður könnunarskurður í rúst sem víkja þrufti vegna framkvæmda við lagningu á jarðstreng. Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna umfang og eðli byggingarinnar og ganga úr skugga um að ekki leyndust eldir minjar undir þessum

Ljóst var við rannsóknina að um er að ræða aðhald fyrir búfénað. Aldrei hefur verið þak á þessari rúst. Þetta sást á áfoknum sandi sem var í og á milli allra laga. Líklega er aðhaldið ekki mjög gamalt því enn mátti finna lykt af sauðataði af gólflaginu. Líklegt er að þetta aðhald hafi verið í notkun samhliða búskap á Rimakoti og jafnvel síðar. Rimakot fór í eyði árið 1919. Eftir að komið var niður á óhreyft var gerð lítill könnunarhola til að athuga með þekkjanleg gjóskulög eins og K 1500 eða landnámslag. Katla 1500 fannst á 120 cm undir óhreifðu og því ljóst að rústin hefur verið í notkun löngu eftir að það lag féll og styður þá kenningu að þetta aðhald sé frá því Rimakot var í byggð. Umrædd rúst er því að öllum líkindum aðhald fyrir sauðfé sem aldrei hefur verið þak á og líkega verið í notkun á fyrri hluta 20. aldar. Tveir naglar fundust við rannsóknina, einn heill og annar brotinn.

English Summary

At the request of the Cultural Heritage Agency of Iceland test trench was made in a ruin that was in the way of an electric cable. The aim was to see what kind of structure this was and if anything older was underneath this one. This turned out to be an enclosure for animals. It was not very old as one was able to still smell the dung from the floor. The tephra layer of Katla 1500 was found 120 cm under sterile layer so the structure was in use long after that. The structure is most likely an enclosure for sheep and in use in the later faces of the inhabitation of Rimakot that was abandoned in 1919.

Mynd 43. Nemar við uppgröft í Skálholti. Ljósmynd: Ragnar Edvardsson.

8.5 Vettvangsskóli í Skálholti



Leyfishafi: Ragnar Edvardsson	**Fyrirtæki/stofnun:** Háskóli Íslands
Rannsóknarnúmer: 2008090005	**Númer Þjóms:** 2013-82
Staðsetning: A 425,653; N 403,542	**Póstnúmer**: 801 Selfoss
Vettvangsrannsókn hófst: 02.09.2013	**Vettvangsrannsókn lauk**: 06.09.2013
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	**Aðferð**: blönduð tækni

Rannsóknin í Skálholti er liður í þjálfun fyrsta árs nema í fornleifafræði við Háskóla Íslands og er uppgröftur ársins framhald af uppgröftum fyrri ára. Á svæði 5000 var grafið að mestu í hreyfðum mannvistarlögum frá 20. öld en tvö mannvirki komu í ljós á uppgraftrarsvæðinu. Nyrst var óregluleg steinalögn sem sennilega er tengd tröðunum sem liggja í vesturátt frá uppgraftrasvæðinu og var hún lögð út í þeim tilgangi að gera yfirborð traðanna stöðugra í miklum rigningum. Syðst á svæðinu kom í ljós lítill hluti mannvirkis og er stærsti hluti þess fyrir utan uppgraftrarsvæðið. Því er erfitt að ákvarða nokkuð um notkun þess. Könnunarskurðir sýndu að mannvirki eru á svæðinu norðvestan við aðaluppgraftrarsvæðið. Nokkuð fannst af gripum við uppgröftinn og eru skráð 15 númer með magnfundum (bein, keramik, naglar, gler o.þ.h.) og fjögur númer stakra gripa.

English Summary

The excavation in Skálholt is a part of a yearly training-week for first year archaeology students at the University of Iceland. The same area is opened, cleaned and to a very small extent excavated every year but test trenches are often also dug in the vicinity of the open-area excavation (area 5000). In 2013 primarily redeposited material was excavated but two structural elements were uncovered. In the north end of the trench was a cobbled surface that probably was connected with the old road to Skálholt (traðir) and was a simple construction to make the surface of the road more stable during rainy and muddy periods. In the south eastern part of the trench a small structure was revealed but the major part of this structure extended beyond the excavation trench. The test trench revealed that there are archaeological remains in this particular area (Ragnar Edvardsson (2013). Archaeological Excavations at Skálholt. Department of Archaeology, University of Iceland, Reykjavík).

9. Reykjanes

Mynd 44. Horft yfir kirkjugrunninn til austurs. Ljósmynd: Katrín Gunnarsdóttir.

9.1 Grunnur Krýsuvíkurkirkju



Leyfishafi: Katrín Gunnarsdóttir	**Fyrirtæki/stofnun:** Byggðasafn Hafnarfjarðar
Rannsóknarnúmer: 2012090007	**Númer Þjóms:** 2013-72
Staðsetning: A 349531; N 377487	**Póstnúmer**: 240 Grindavík
Vettvangsrannsókn hófst: 02.09.2013	**Vettvangsrannsókn lauk**: 06.09.2013
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	**Aðferð**: uppgröftur

Uppgröftur á kirkjugrunni Krýsuvíkurkirkju hófst árið 2012 þar sem kirkjan brann árið 2010 og áætlað er að reisa nýja kirkju staðnum. Er rannsókninni ætlað að kanna betur húsgrunninn svo hægt sé að hlaða undirstöður fyrir hina nýju kirkju. Áætlað var að ljúka við verkið haustið 2013 og kirkjuna, sem er í smíðum hjá Iðnskóla Hafnarfjarðar, átti að flytja á sinn framtíðarstað í Krýsuvík veturinn 2014. Þegar vinna við uppgröftinn 2013 var hafin kom í ljós að lokaáfangi við smíði kirkjunnar myndi að öllum líkindum dragast fram á árið 2014. Þótti þá ráðlegast að fresta frekari uppgreftri fram á næsta vor eða sumar eða þangað til að að það lægi fyrir hvenær kirkjan yrði flutt í Krýsuvík. Eftirfarandi var þó gert árið 2013: hreinsað var betur ofan af hellugólfinu sem komið hafði í ljós 2012. Tókst að fá nokkuð góða heildarmynd af því. Við hreinsun gólfsins komu upp fleiri brot af leirtaui, járnbútar af ýmsum stærðum

og gerðum og dýrabeinabrot ásamt nöglum úr þaki og veggjum kirkjunnar (saumum). Þessir hlutir eru í samræmi við þá hluti sem komu upp við fyrri uppgröft. Krýsuvíkurkirkja var afhelguð árið 1929 og var hún notuð til búsetu eftir það. Þeir gripir sem fundist hafa við hreinsun kirkjugrunnsins eru sýnilega smábrot úr hlutum og beinum frá þessari búsetu.

English Summary

The Krísuvíkurkirkja church burnt down in 2010 and the excavation of its foundation started in 2012. The reason for the excavation are the intentions of rebuilding the church. The excavation is aimed at investigating the foundation so that a new stone church-base can be constructed on the old foundation. The excavation was not extensive in 2013 but the paved floor found in 2012 was excavated further. A good batch of artefacts was found during the 2013 excavation, e.g. pottery, pieces of iron, animal bones and nails. All of which correspond well to what was found during the 2012 season.

Mynd 45. Horft yfir rannsóknarsvæðið suður af skála. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson.

9.2 Vogur. Landnámsbýli í Höfnum



Leyfishafi: Bjarni F. Einarsson	**Fyrirtæki:** Fornleifafræðistofan ehf
Rannsóknarnúmer: 2003050026	**Númer Þjóms:** 2013-38
Staðsetning: A 319336; N 386527	**Póstnúmer:** 233 Reykjanesbær
Vettvangsrannsókn hófst: 5.06.2013	**Vettvangsrannsókn lauk:** 16.06.2013
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	**Aðferð:** uppgröftur

Markmið rannsókna sumarsins í Vogi var að kanna til hlítar skálann og hús sem fannst sumarið 2012 (hús 3). Einnig átti að freista þess að finna fleiri hús á bæjarstæðinu. Meginniðurstaða rannsókna sumarsins 2013 var að hús 3 reyndist vera mun flóknara en ráð var fyrir gert og er nauðsynlegt að mæta aftur að ári til að klára það. Hugsanlega er um jarðhýsi að ræða, en öruggt er að það er grafið niður í jörðina. Engar fleiri rústir fundust á svæðinu, hvorki innan túngarðsins eða utan hans og utan hins upprunalega rannsóknarsvæðis. Hús 3 gefur þó tilefni til að leita enn betur mun nær skálanum en áður hefur verið gert. Skráð voru 12 fundanúmer og 14 sýnanúmer.

English Summary

The remains of a settlement era longhouse have been excavated at Hafnir in Reykjanes. This summer's excavation aimed at looking closer at a small building (House 3) found close to the longhouse in 2012.
House 3 was more complicated than expected, and must be finished next summer. Other houses have not been found, neither inside the embankment and the former research area, nor outside those.
House 3 may indicate that houses might be expected nearer the hall than we have assumed before and that must be controlled next season.

Mynd 46. Yfirlit yfir rannsóknarsvæði. Ljósmynd: Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir.

9.3 Samspil manns og þorsks, Gufuskálar á Reykjanesi



Leyfishafi: Ragnar Edvardsson	**Fyrirtæki/stofnun:** Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum
Rannsóknarnúmer: 2013070020	**Númer Þjóms:** 2013-65
Staðsetning: A 323681; N 399656	**Póstnúmer**: 250 Garður
Vettvangsrannsókn hófst: 31.07.2013	**Vettvangsrannsókn lauk**: 02.08.2013
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	**Aðferð**: blönduð tækni

Rannsóknin er hluti af stærra verkefni, Cod Story, sem hefur það að markmiði að fá betri sýn á hlutverk sjávarauðlinda í efnahag íslensku þjóðarinnar frá miðöldum og fram á nútíma. Niðurstöður rannsóknarinnar á Gufuskálum á Reykjanesi sýna að sjávarrof er að brjóta niður öskuhauginn sem tengist útgerð á staðnum og er fyrirsjáanlegt að hann verði horfinn eftir nokkur ár. Við rannsóknina voru skráðar 31 fornleifafræðileg eining og voru 18 af þessum einingum grafnar fram. Mest var af fiskbeinum í einingum [8] – [13] en einnig voru nokkur bein í einingum [2] - [7]. Nokkur landdýrabein voru skráð í öllum einingum, bæði af kindum og nautgripum, og hafa nokkur verið valin til kolefnisgreiningar (C14). Tvö gjóskulög voru skráð *in situ*, annað þeirra, svart að lit, er sennilega miðaldalagið sem féll árið 1226 en hitt er að öllum líkindum landnámslagið sem féll árið 872 (Magnús Á. Sigurgeirsson 1995). Líklegt er að útgerð hafi byrjað fyrst fyrir alvöru um 1300. Ljóst er á einingum [8] – [13] að mikill fiskur kemur á land sem bendir sterklega til aukningar í fiskveiðum á tímabilinu eftir 1300. Það eru skýr mörk á milli eininga [7] og [8] sem liggur í því að fiskbeinum fækkar um meira en helming og í einingum [2] – [8] er lítið sem ekkert um fiskbein. Þetta bendir til þess að útgerð hafi staðið í blóma allar síðmiðaldir en hafi svo hnignað og samkvæmt afstöðu mannvistarlaga má

reikna með að það hafi gerst um 1500 - 1600. Sýni úr uppgreftinum eru talin í kílóum pr./einingu og var tekið 1 kg pr./einingu úr lögum [2]-[7] en 2 kg pr./einingu úr lögum [8]-[13].

English Summary

The excavation is a part of a bigger project, Cod Story, that aims at researching the role of marine resources in Iceland's economy from the middle ages until modern times. The main results of the excavation at Gufuskálar, Reykjanes show clearly that erosion is destroying the archaeology on the shore and it is evident that both structures and midden will be completely gone in a few years. The excavation recorded 31 archaeological units and 18 were excavated. Fish bones were abundant in units [8] -[13] but fewer in units [2] - [7]. Few bones from domestic animals were recorded in all units, both sheep and cattle and few have been selected for C14 analysis. Two tephra deposits were recorded in situ, one is probably the so called "miðaldalag", which dates to AD 1226 but the other is probably "landnámslagið", which dates to AD 872. Based on the preliminary results; it is likely that commercial fishing began at the site around 1300. Units [8] - [13] show that cod is being landed in large amounts, which strongly suggest increase in cod fishing after 1300. There is a clear shift between units [7] and [8], as fish bones diminish by half between these units, and in units [2] - [8] there are few fish bones. This suggests that during the late Middle Ages commercial fishing was flourishing at the site but went into decline between 1500 and 1600.

10. Aðrar rannsóknir

Auk ofangreindra rannsókna voru gefin út tvö leyfi til minniháttar rannsókna og tvö leyfi til rannsókna sem ekki fóru fram. Minniháttar rannsóknirnar voru skráning og ljósmyndun flaksins Pourquoi Pas? úti fyrir Álftanesi á Mýrum í Borgarfirði (ranns.nr. 2013030007, leyfishafi Jean-Pierre Joncheray) og söfnun sýna úr hvalbeinshaugi sem liggur í sjó við Langeyri í Álftafirði í Súðavíkurhreppi (ranns.nr. 2013060040, leyfishafi Margrét Hrönn Hallmundsdóttir). Rannsóknirnar eru báðar neðansjávarrannsóknir og fór söfnun sýna úr hvalbeinshaugnum fram í lok júní en ljósmyndun og skráning Pourquoi Pas? fór fram í júlí.
Rannsóknirnar sem veitt var leyfi fyrir en ekki fóru fram voru annars vegar framkvæmdaeftirlit með lagningu vegslóða að kirkjunni í Flatey á Breiðafirði og hins vegar rannsókn í Mikley í landi Skútustaða í Mývatnssveit. Í Flatey var raunin sú að framkvæmdinni var breytt þannig að ekki kom til að eftirlitsins væri þörf þar sem vegurinn var að endingu lagður ofan á jarðveginn en ekki grafinn niður eins og lagt var upp með. Í Mikley var um vísindarannsókn að ræða og fór hún einfaldlega ekki fram.

Myndaskrá

Mynd 1. Rannsóknir á Íslandi árið 2013. Númerin vísa til kafla í skýrslunni. 4
Mynd 3. Yfirlitsmynd yfir uppgraftarsvæðið að Móakoti. Ljósmynd: Angelos Parigoris. 6
Mynd 4. Grafið fyrir hringlaga svæði fyrir nestisborð. Ljósmynd Margrét Björk Magnúsdóttir. 8
Mynd 5. Liam og Rúna teikna meint beitarhús, skurðurinn í mögulegt kuml sést í baksýn. Ljósmynd: Sigrid Juel Hansen. 9
Mynd 6. Fjarkönnun í Leirvogi. Ljósmynd: Sigrid Juel Hansen. 10
Mynd 7. Veggurinn á síðasta degi uppgraftar að Borg. Ljósmynd: Davide Zori. 11
Mynd 8. Loftmynd sem sýnir mæliferla og rannsóknarsvæði á Bæ í Borgarfirði. Mynd: Landmælingar Íslands/Margrét Valmundsdóttir. 12
Mynd 9. Kevin Martin, einn meðlima rannsóknarhópsins, inni í víkingaaldarmannvirkinu í Surtshelli eftir að síðasta gólflagið hafði verið fjarlægt, 22. ágúst 2013. Ljósmynd: Kevin Smith. 13
Mynd 10. Loftmynd sem sýnir mæliferla og rannsóknarsvæði í Hítardal. Mynd: Landmælingar Íslands/Margrét Valmundsdóttir. 16
Mynd 11. Flugdrekamynd af uppgraftarsvæði á Gufuskálum. Ljósmynd: Sigurður Unnar Einvarðsson. 17
Mynd 12. Skurður 5. Ljósmynd: Sigurður Unnar Einvarðsson. 18
Mynd 13. Skarðsbúð í Bjarneyjum. Ljósmynd: Sindri Ellertsson Csillag. 19
Mynd 14. Skurður við rafstöðvargrunn. Ljósmynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 21
Mynd 15. Horft yfir rannsóknarsvæðið á Hrafnseyri. Ljósmynd: Birgir Smárason. 23
Mynd 16. Svæðið eftir að grjót var fjarlægt. Ljósmynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 26
Mynd 17. Yfirlitsmynd af bæjarhól Vatnsfjarðar. Ljósmynd: Garðar Guðmundsson. 28
Mynd 18. Yfirlitsmynd yfir sjávarminjar við Bólvík. Ljósmynd: Garðar Guðmundsson. 29
Mynd 19. Fornu tóftirnar á Hamarsgerði séð inn Vesturdal í suður. Ljósmynd: Sólrún Inga Traustadóttir. 31
Mynd 20. Loftmynd af svæðinu við lok rannsóknar. Ljósmynd: John Schoenenfelder. 33
Mynd 21. Brian Damiata með segulsviðsmælinn (CMD Explorer) á Hegranesþingi. Ljósmynd: John Steinberg / SCaSS 35
Mynd 22. Raflagnaskurður í Keflavík á Hegranesi skoðaður, hluti gamla bæjarstæðisins í baksýn. Ljósmynd: Þór Hjaltalín. 37
Mynd 23. Horft yfir leifar fornbýlis á svokölluðum Stafhólsstekk. Ljósmynd: Guðný Zoëga. 39
Mynd 24. Framan við rof á rúst F, horft í vestur. Ljósmynd: Ramona Harrison. 41
Mynd 25. Loftmynd af uppgraftarsvæði Skugga. Ljósmynd: Garðar Guðmundsson. 43
Mynd 26. Hreinsun á skurði í Staðartungu. Ljósmynd: Norie Manigault. 44
Mynd 27. Svæði B að uppgrefti loknum. Horft til norðurs. Ljósmynd: Howell M. Roberts. 45
Mynd 28. Narfastaðatún. Ljósmynd: Árni Einarsson. 47
Mynd 29. Loftmynd tekin með flygildi, austan við túnið, sem sýnir afstöðu kirkjugarðsins gagnvart núverandi bæjarhúsum á Hofstöðum og rúst víkingaaldarskálans. Ljósmynd: Garðar Guðmundsson. 49

Mynd 30. Loftmynd af rannsóknarsvæðinu í kirkjugarðinum á Hofstöðum tekin rétt sunnanvert við garðinn. Ljósmynd: Garðar Guðmundsson. 50
Mynd 31. Rannsóknarsvæðið eftir uppgröft, úr lofti. Norður til hægri, svæði E nær bænum. Ljósmynd: Garðar Guðmundsson. 52
Mynd 32. Rannsóknarsvæði á Bakka. Kort: Oddgeir Isaksen 54
Mynd 33. Sjóhúsvík. Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið, horft til norðvesturs. Ljósmynd: Uggi Ævarsson. 56
Mynd 34. Hjálmarvík. Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið, horft til suðvesturs. Ljósmynd: Céline Dupont-Hébert.....57
Mynd 35. Yfirlitsmynd tekin í vestur. Ljósmynd: Ruth Currie. 58
Mynd 36. Kofatóft í landi Skorrastaðar að rannsókn lokinni. Ljósmynd: Guðný Zoëga. 60
Mynd 37. Yfirlitsmynd yfir rúst í Ódáðahrauni úr lofti með könnunarskurði merktum inn. Ljósmynd: Garðar Guðmundsson 62
Mynd 38. Yfirlitsmynd yfir tóft í Kringilsárrana sumarið 2013. Ljósmynd: Guðný Zoëga. 63
Mynd 39. Snið í prufuholu 1. Sjá má strengi í vegg og svart E-934 undir. Horft mót suðri. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson. 65
Mynd 40. Skurðirnir tveir á Gröf. Ljósmynd: Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 67
Mynd 41. Skurður í túngarð Svartanúps. Ljósmynd: Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 68
Mynd 42. Hreinsað snið í framræsluskurði. Horft til suðurs. Ljósmynd: Uggi Ævarsson. 69
Mynd 43. Horft ofan í könnunarskurð á Rimakoti. Ljósmynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir..... 70
Mynd 44. Nemar við uppgröft í Skálholti. Ljósmynd: Ragnar Edvardsson.....72
Mynd 45. Horft yfir kirkjugrunninn til austurs. Ljósmynd: Katrín Gunnarsdóttir.....74
Mynd 46. Horft yfir rannsóknarsvæðið suður af skála. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson.....76
Mynd 47. Yfirlit yfir rannsóknarsvæði. Ljósmynd: Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. 77